158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (grunnmat, sjúkradagpeningar o.fl.).

Frá félags- og húsnæðismálaráðherra.

1. gr.

Í stað orðanna „elli, örorku og framfærslu barna“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: elli, örorku, framfærslu barna og langvarandi eða alvarlegs heilsubrests.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

16. Grunnmat: Þverfaglegt, heildrænt, staðlað og samræmt mat á þörf einstaklings fyrir þjónustu sem byggist á alþjóðlegu flokkunarkerfi um færni, fötlun og heilsu viðkomandi einstaklings.

17. Viðurkennd meðferð: Heilbrigðistengd meðferð sem hefur verið gagnreynd sem örugg og árangursrík gegn tilteknum sjúkdómum, slysum eða áföllum og veitt er af þverfaglegu teymi innan heilbrigðisþjónustunnar. Viðurkennd meðferð getur meðal annars falið í sér rannsókn, aðgerð, meðferð við sjúkdómi eða aðra heilbrigðisþjónustu sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, hjúkra eða annast sjúkling og hefur það að markmiði að stuðla að aukinni færni í daglegum aðstæðum eða til atvinnuþátttöku að fullu eða að hluta.

18. Endurhæfing: Ferli sem felur í sér markviss úrræði sem hafa það að markmiði að hámarka, viðhalda eða stuðla að aukinni færni einstaklings með skerta starfsgetu til atvinnuþátttöku að fullu eða að hluta. Endurhæfing tekur mið af stöðu og aðstæðum viðkomandi einstaklings og krefst samfellu og samræmdra aðgerða sem byggja á gagnreyndri þekkingu.

3. gr.

Í stað orðanna „sjúkra- og endurhæfingargreiðslur“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: sjúkradagpeninga, sjúkragreiðslur og endurhæfingargreiðslur.

4. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Örorkulífeyrir**.

5. gr.

27. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

28. gr. laganna verður 73. gr.

7. gr.

5. mgr. 30. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Orðin „hvaða þjónustuaðilar geta borið ábyrgð á gerð endurhæfingaráætlana og staðfest viðurkenndar meðferðir, helstu viðmið um mat á þátttöku á vinnumarkaði og ástundun náms samhliða sjúkra- og endurhæfingargreiðslum, um þjónustugátt, þ.m.t. um aðgang að henni og hvaða gögn og upplýsingar skuli heimilt að skrá, hvernig meðferð þeirra skuli háttað og hvenær þeim beri að eyða, hlutverk aðila og skiptingu ábyrgðar,“ í 31. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Í stað orðanna „greiðslum skv. III. og IV. kafla“ í 5. mgr. 33. gr. laganna kemur: greiðslum skv. III., IV., 68. eða 69. gr.

10. gr.

Í stað orðanna „fer skv. 22. og 30. gr.“ í 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: fer skv. 22., 30. eða 72. gr.

11. gr.

Í stað orðanna „III. eða IV. kafla“ í 1. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: III., IV., 68. eða 69. gr.

12. gr.

Í stað orðanna „greiðslur skv. IV. kafla“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 40. gr. laganna kemur: greiðslur skv. IV., 68. eða 69. gr.

13. gr.

Í stað orðanna „skv. 22. og 30. gr.“ í 1. málsl. 62. gr. laganna kemur: skv. 22., 30. og 72. gr.

14. gr.

Á eftir VI. kafla laganna kemur nýr kafli, VII. kafli, **Sjúkradagpeningar, sjúkragreiðslur og endurhæfingargreiðslur**, með ellefu greinum, 65.-75. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (65. gr.)

Almenn skilyrði fyrir sjúkradagpeningum, sjúkragreiðslum og endurhæfingargreiðslum.

Heimilt er að greiða sjúkradagpeninga skv. 66. gr., sjúkragreiðslur skv. 68. gr. eða endurhæfingargreiðslur skv. 69. gr. til einstaklings sem er 18 ára eða eldri en hefur þó ekki náð ellilífeyrisaldri eins og hann er ákveðinn skv. 1. mgr. 16. gr., er tryggður hér á landi, sbr. I. kafla, og hefur verið tryggður hér á landi a.m.k. tólf síðustu mánuðina áður en til greiðslna getur komið, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Heimilt er að taka tillit til trygginga-, starfs- eða búsetutímabila sem lokið er samkvæmt löggjöf annars samningsríkis, að því marki sem nauðsynlegt er til að uppfylla tólf mánaða skilyrði 1. málsl. og í samræmi við nánari

ákvæði gagnkvæms milliríkjasamnings, sbr. 59. gr. Þegar um er að ræða sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur má umsækjandi um slíkar greiðslur jafnframt ekki eiga rétt til launa í forföllum vegna veikinda samkvæmt kjarasamningum eða ráðningarsamningi eða rétt til greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

b. (66. gr.)

Sjúkradagpeningar.

Einstaklingur getur átt rétt á fullum sjúkradagpeningum þegar viðkomandi verður óvinnufær að fullu vegna heilsubrests samkvæmt læknisvottorði, enda leggi hann niður launaða vinnu sem nemur fullu starfi og launatekjur falla niður.

Einstaklingur getur átt rétt á hálfum sjúkradagpeningum þegar viðkomandi verður óvinnufær að fullu vegna heilsubrests samkvæmt læknisvottorði, enda leggi hann niður launaða vinnu sem nemur minna en fullu starfi en þó að lágmarki hálfu starfi og launatekjur falla niður.

Við ákvörðun um rétt til sjúkradagpeninga skv. 1. eða 2. mgr. skal taka mið af starfshlutfalli viðkomandi einstaklings síðustu tvo mánuðina áður en hann varð óvinnufær. Ef starfshlutfall viðkomandi á fyrrnefndu tímabili endurspeglar ekki hefðbundið starfshlutfall hans skal miða við meðalstarfshlutfall síðustu tólf mánaða sé það til hagsbóta fyrir einstaklinginn.

Einstaklingur getur átt rétt á sjúkradagpeningum að hluta, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð, hefji hann þátttöku að nýju á vinnumarkaði í launaðri vinnu, sem er liður í endurkomu viðkomandi á vinnumarkað, en þó í skertu starfshlutfalli eftir tímabundið brotthvarf af vinnumarkaði skv. 1. eða 2. mgr., enda sé jafnframt um að ræða skertar launatekjur.

Launuð vinna merkir í þessari grein alla vinnu við beina tekjuöflun, hvort sem um er að ræða launafólk eða sjálfstætt starfandi einstaklinga.

c. (67. gr.)

Grunnmat.

Tryggingastofnun ber ábyrgð á gerð grunnmats sem er forsenda fyrir sjúkragreiðslum og endurhæfingargreiðslum, enda séu önnur skilyrði laga þessara uppfyllt. Í niðurstöðu grunnmats skal koma fram hver er geta viðkomandi einstaklings til virkni á vinnumakaði sem og þörf hans fyrir sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur, eftir því sem við á.

Við framkvæmd grunnmats skal Tryggingastofnun byggja á fyrirliggjandi gögnum um getu viðkomandi einstaklings til virkni á vinnumarkaði sem og á fyrirliggjandi gögnum, meðal annars um fötlun og heilsu viðkomandi og um árangur fyrri meðferða og/eða endurhæfingar, eftir því sem við á.

d. (68. gr.)

Sjúkragreiðslur.

Einstaklingur getur átt rétt á sjúkragreiðslum á grundvelli niðurstöðu grunnmats fái viðkomandi viðurkennda meðferð sem byggir á niðurstöðunum vegna langvarandi eða alvarlegs heilsubrests eða fötlunar sem talin er geta haft áhrif til frambúðar á getu hans til virkni á vinnumarkaði, enda séu önnur skilyrði laga þessara uppfyllt. Forsenda fyrir greiðslum er að heilsubrestur einstaklings sé afleiðing af sjúkdómi, slysi eða áfalli og skal við það miðað að heilsubresturinn eða fötlunin valdi því að viðkomandi einstaklingur geti hvorki stundað vinnu né nám.

Skilyrði fyrir sjúkragreiðslum skv. 1. mgr. er að fyrir liggi staðfesting frá þjónustuaðila á að viðkomandi einstaklingur fái viðurkennda meðferð sem tekur mið af þörfum viðkomandi samkvæmt niðurstöðu grunnmats. Tryggingastofnun metur, í samráði við hlutaðeigandi þjónustuaðila, hvað telst viðurkennd meðferð í skilningi laga þessara og hvort meðferðin sé fullnægjandi í tilfelli þess einstaklings sem í hlut á hverju sinni.

Tryggingastofnun og þjónustuaðilum er heimilt að semja við meðferðaraðila um veitingu viðurkenndrar meðferðar í umboði hlutaðeigandi þjónustuaðila.

e. (69. gr.)

Endurhæfingargreiðslur.

Einstaklingur getur átt rétt á endurhæfingargreiðslum á grundvelli niðurstöðu grunnmats taki hann virkan þátt í endurhæfingu í samræmi við starfstengda endurhæfingaráætlun, sem byggir á niðurstöðunum, vegna langvarandi eða alvarlegs heilsubrests eða fötlunar sem talin er geta haft áhrif til frambúðar á getu hans til virkni á vinnumarkaði, enda séu önnur skilyrði laga þessara uppfyllt. Forsenda fyrir greiðslum er að heilsubrestur einstaklings sé afleiðing af sjúkdómi, slysi eða áfalli. Heimilt er að líta á þátttöku á vinnumarkaði eða nám sem lið í endurhæfingu að því tilskildu að atvinnuþátttakan eða námið þjóni markmiði endurhæfingarinnar samkvæmt fyrirliggjandi endurhæfingaráætlun.

Skilyrði fyrir endurhæfingargreiðslum skv. 1. mgr. er að fyrir liggi staðfesting frá þjónustuaðila á að viðkomandi einstaklingur taki virkan þátt í endurhæfingu á grundvelli starfstengdrar endurhæfingaráætlunar sem tekur mið af þörfum viðkomandi samkvæmt niðurstöðu grunnmats. Tryggingastofnun metur, í samráði við hlutaðeigandi þjónustuaðila, hvað telst endurhæfing í skilningi laga þessara og hvort endurhæfingin sé fullnægjandi í tilfelli þess einstaklings sem í hlut á hverju sinni.

Tryggingastofnun og þjónustuaðilum er heimilt að semja við endurhæfingaraðila um veitingu endurhæfingarþjónustu í umboði hlutaðeigandi þjónustuaðila.

f. (70. gr.)

Fjárhæð sjúkradagpeninga, sjúkragreiðslna og endurhæfingargreiðslna.

Fullir sjúkradagpeningar skulu nema 2.667 kr. á dag fyrir einstakling en við bætast 732 kr. á dag fyrir hvert barn innan 18 ára sem viðkomandi einstaklingur hefur á framfæri sínu, þ.m.t. vegna barna utan heimilis sem hann sannanlega greiðir meðlag með samkvæmt staðfestum samningi, dómsátt, úrskurði stjórnvalds eða dómi þess efnis.

Fullar sjúkragreiðslur sem og fullar endurhæfingargreiðslur skulu vera 5.003.400 kr. á ári. Fjárhæð sjúkragreiðslna annars vegar og endurhæfingargreiðslna hins vegar skal lækka um sem nemur 45% af eigin tekjum greiðsluþega umfram frítekjumörk skv. 72. gr. uns greiðslur falla niður. Eigi greiðsluþegi jafnframt rétt á heimilisuppbót samkvæmt lögum um félagslega aðstoð skal samanlögð fjárhæð sjúkragreiðslu eða endurhæfingargreiðslu og heimilisuppbótar lækka um sem nemur 45% af eigin tekjum greiðsluþega umfram frítekjumörk skv. 72. gr.

Árlega skal greiða orlofs- og desemberuppbót á sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslur hins vegar á viðkomandi ári, að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem fram koma í reglugerð sem ráðherra skal setja, sbr. 75. gr.

g. (71. gr.)

Greiðslutímabil.

Heimilt er að greiða sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslur hins vegar í allt að 36 mánuði, þó að hámarki í tólf mánuði í senn, sbr. 2. mgr. Samanlagður greiðslutími sjúkragreiðslna og endurhæfingargreiðslna getur þó aldrei orðið lengri en 36 mánuðir.

Niðurstaða grunnmats er gild í allt að tólf mánuði frá því að hún liggur fyrir. Að þeim tíma liðnum falla niður sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur liggi hvorki fyrir endurnýjuð umsókn um framangreindar greiðslur né niðurstaða úr endurnýjuðu grunnmati sem sýnir fram á þörf viðkomandi fyrir áframhaldandi greiðslur. Framangreindar greiðslur falla jafnframt niður ljúki viðkomandi þjónustu hjá þjónustuaðila innan gildistíma niðurstöðu grunnmats án þess að þjónusta annars þjónustuaðila taki við. Þjónustuaðili skal tilkynna Tryggingastofnun án tafar þegar þjónusta annars þjónustuaðila tekur við þjónustu viðkomandi sem og um lok þjónustu innan gildistíma niðurstöðu grunnmats, svo sem ef viðkomandi sinnir ekki viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu í samræmi við endurhæfingaráætlun eða þegar viðurkennd meðferð eða endurhæfing telst fullreynd. Falla þá sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur niður taki ekki við þjónusta hjá öðrum þjónustuaðila. Einstaklingi sem fær sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur sem og þjónustuaðila er á gildistíma niðurstöðu grunnmats heimilt að óska eftir því við Tryggingastofnun að fram fari nýtt grunnmat á stöðu viðkomandi einstaklings. Er Tryggingastofnun heimilt að verða við slíkri beiðni, enda telji stofnunin að aðstæður viðkomandi hafi breyst frá því að fyrra grunnmat fór fram.

Þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. 68. gr. um að einstaklingur fái viðurkennda meðferð og skilyrði 1. mgr. 69. gr. um virka þátttöku einstaklings í endurhæfingu er heimilt að greiða sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur þegar viðkomandi bíður þess að viðurkennd meðferð eða endurhæfing geti hafist. Á þetta við hvort sem biðin stafar af heilsubresti viðkomandi eða af öðrum ástæðum, svo sem biðlistum eftir viðurkenndri meðferð eða endurhæfingarúrræði. Skilyrði er að fyrir liggi staðfesting hlutaðeigandi þjónustuaðila eða heilbrigðisstarfsmanns á því að tiltekin viðurkennd meðferð eða endurhæfing geti hafist innan tiltekins tíma. Samanlagður greiðslutími samkvæmt þessari málsgrein getur aldrei verið lengri en sex mánuðir. Á biðtímanum skal Tryggingastofnun reglulega og eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti endurmeta stöðu viðkomandi eftir að hafa óskað eftir viðeigandi upplýsingum hverju sinni.

Sjúkragreiðslur og endurhæfingargreiðslur vegna endurtekins langvarandi eða alvarlegs heilsubrests af völdum sama sjúkdóms, slyss eða áfalls teljast til sama greiðslutímabils skv. 1. mgr., sbr. einnig 1. mgr. 68. og 1. mgr. 69. gr. Nýtt greiðslutímabil sjúkragreiðslna og endurhæfingargreiðslna vegna langvarandi eða alvarlegs heilsubrests af völdum sama sjúkdóms, slyss eða áfalls getur fyrst hafist þegar a.m.k. þrjú ár eru liðin frá síðustu greiðslu á fyrra greiðslutímabili, enda séu önnur skilyrði laga þessara uppfyllt. Ef um er að ræða langvarandi eða alvarlegan heilsubrest sem er afleiðing af öðrum sjúkdómi, slysi eða áfalli en fyrri heilsubrestur getur nýtt greiðslutímabil hafist að loknu fyrra greiðslutímabili, enda séu uppfyllt önnur skilyrði í lögum þessum fyrir sjúkragreiðslum eða endurhæfingargreiðslum, eftir því sem við á.

Greiða skal sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi samkvæmt læknisvottorði. Upphaf biðtíma eftir sjúkradagpeningum miðast við þann dag sem óvinnufærni hefst samkvæmt læknisvottorði.

Þrátt fyrir 1. mgr. 32. gr. skal Tryggingastofnun reikna rétt til sjúkradagpeninga frá þeim degi sem einstaklingur hefur uppfyllt skilyrði fyrir slíkum greiðslum en þó skal miða við að biðtíma sé lokið skv. 5. mgr. Þrátt fyrir 4. mgr. 32. gr. skulu sjúkradagpeningar ekki ákvarðaðir

lengra en tvo mánuði aftur í tímann frá því að umsókn um slíkar greiðslur berst Tryggingastofnun.

Heimilt er að greiða sjúkradagpeninga skv. 1. og 2. mgr. 66. gr. í allt að tólf mánuði. Til viðbótar er heimilt er að greiða sjúkradagpeninga skv. 4. mgr. 66. gr. í allt að þrjá mánuði. Nýtt greiðslutímabil getur fyrst hafist þegar a.m.k. eitt ár er liðið frá síðustu greiðslu á fyrra greiðslutímabili, enda séu uppfyllt önnur skilyrði í lögum þessum fyrir sjúkradagpeningum.

Sjúkradagpeningar falla niður við lok þess tíma sem einstaklingur er metinn óvinnufær samkvæmt læknisvottorði. Hið sama á við ef launagreiðslur hefjast að nýju til einstaklings innan þess tíma sem viðkomandi hefur verið metinn óvinnufær samkvæmt læknisvottorði, sbr. þó 4. mgr. 66. gr.

h. (72. gr.)

Tekjugrunnur.

Til tekna samkvæmt þessum kafla teljast tekjur skv. II. kafla laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, að teknu tilliti til ákvæða sömu laga um hvað ekki telst til tekna og frádráttarliða skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Til tekna teljast einnig tekjur sem aflað er erlendis og ekki eru taldar fram hér á landi.

Þrátt fyrir 1. mgr. skulu eftirfarandi tekjur ekki teljast til tekna:

1. Greiðslur samkvæmt lögum þessum, lögum um félagslega aðstoð og virknistyrkur samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir.
2. Fjárhagsaðstoð sveitarfélags.
3. Greiðslur úr viðbótarlífeyrissparnaði.
4. Lífeyrir almannatrygginga frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við, í samræmi við nánari ákvæði samninganna, sbr. 58., 59. og 64. gr.

Við útreikning sjúkragreiðslna annars vegar og endurhæfingargreiðslna hins vegar skal greiðsluþegi hafa almennt frítekjumark sem nemur 504.960 kr. á ári sem og sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna sem nemur 2.019.840 kr. á ári.

Tekjur maka greiðsluþega samkvæmt þessum kafla skulu ekki hafa áhrif á útreikning greiðslna samkvæmt kaflanum en fjármagnstekjur skulu skiptast til helminga milli hjóna við útreikning greiðslna óháð því hvort hjónanna er eigandi þeirra eigna sem mynda tekjurnar eða hvort um séreign eða hjúskapareign er að ræða.

Tryggingastofnun er heimilt, að ósk greiðsluþega samkvæmt þessum kafla, að dreifa eigin tekjum, sem stafa af fjármagnstekjum sem leystar hafa verið út í einu lagi, á allt að tíu ár. Ekki er heimilt að dreifa slíkum tekjum oftar en einu sinni á hverju tíu ára tímabili.

i. (73. gr.)

Þjónustugátt og vinnsla persónuupplýsinga.

Tryggingastofnun skal starfrækja þjónustugátt þjónustuaðila í þeim tilgangi að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir viðurkenndar meðferðir og endurhæfingarþjónustu sem einstaklingar fá á hverjum tíma og til að stuðla að samfellu í þjónustu og greiðslum hjá þeim sem þurfa þjónustu fleiri en eins þjónustuaðila. Þjónustuaðilar og aðilar sem veita þjónustu í umboði þeirra skulu miðla upplýsingum um veitta þjónustu inn í gáttina.

Tryggingastofnun skal halda skrá um lýsigögn yfir upplýsingar sem fara um þjónustugáttina og tilgreindir þjónustuaðilar geta nýtt til þess að sækja frumgögn. Stofnuninni ber að tryggja að lýsigögnin sem fara um gáttina séu varðveitt á öruggan hátt þannig að þau

glatist ekki og séu eingöngu aðgengileg þeim sem þurfa á þeim að halda til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum og ákvæðum annarra laga sem þjónustuaðilar starfa eftir auk samninga þeirra á milli um samstarf á sviði endurhæfingar, sbr. 55. gr. a.

Tryggingastofnun skal starfrækja upplýsingakerfi samhæfingarteyma í þeim tilgangi að skipuleggja fyrirtöku og afgreiðslu mála. Í kerfið skulu skráðar upplýsingar um starfsemi samhæfingarteyma, svo sem um vísun mála til teyma og ástæðu þess, dagskrá funda, fyrirtöku og niðurstöðu mála auk þess sem skrá skal samantekt upplýsinga um einstaklinga sem nauðsynlegar eru til þess að samhæfingarteymin geti komist að niðurstöðu. Meðal þeirra upplýsinga sem skulu vera aðgengilegar í upplýsingakerfi samhæfingarteyma eru upplýsingar um heilsufar, félagslegar aðstæður, vinnusögu og þá meðferð og endurhæfingu sem einstaklingar hafa fengið. Þessar upplýsingar skulu vistaðar í gagnagrunnum Tryggingastofnunar og gerðar aðgengilegar viðeigandi samhæfingarteymi í upplýsingakerfinu. Upplýsingar sem eru gerðar aðgengilegar í upplýsingakerfi samhæfingarteyma í gegnum þjónustugátt skulu ekki vistaðar í kerfinu.

Tryggingastofnun skal halda skrá á landsvísu með upplýsingum frá þjónustuaðilum og aðilum sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðila í tengslum við framvindu viðurkenndrar meðferðar og endurhæfingar einstaklinga óháð því hvort þeir hafi sótt um eða fái greiðslur frá Tryggingastofnun. Tryggingastofnun skal einnig, í samráði við ráðherra og ráðherra heilbrigðismála, nota upplýsingar úr skránni við áætlanagerð, stefnumótun og önnur verkefni ráðuneytanna. Stofnunin skal vera í samstarfi við þjónustuaðila um vinnslu og túlkun gagnanna. Tryggingastofnun er heimilt að vinna með persónugreinanleg gögn í fyrrnefndri skrá, þ.m.t. um áætlanir og staðfestingar á meðferð og endurhæfingu sem veitt er af þjónustuaðilum eða af aðilum sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðila. Persónuauðkenni í skránni skulu dulkóðuð.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem fram koma nánari reglur um vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. um tilgang og aðferðir við vinnsluna.

j. (74. gr.)

Ósamrýmanlegar greiðslur.

Greiðslur samkvæmt kafla þessum falla niður fyrir sama tímabil og einstaklingur fær greidda slysadagpeninga samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga, elli-, örorku- eða hlutaörorkulífeyri samkvæmt lögum þessum, virknistyrk samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, greiðslur samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna eða greiðslur samkvæmt lögum um sorgarleyfi.

Sjúkragreiðslur og endurhæfingargreiðslur falla jafnframt niður fái einstaklingur greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags vegna óvinnufærni á sama tímabili. Ákvæði þetta girðir þó ekki fyrir rétt til sjúkradagpeninga sem greiða má samhliða greiðslum úr sjúkrasjóði.

k. (75. gr.)

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessa kafla, meðal annars um framkvæmd og efnisþætti sem grunnmat skal byggjast á, þá efnisþætti sem skulu koma fram í niðurstöðum grunnmats og hvernig niðurstöðurnar skulu settar fram. Jafnframt er ráðherra heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd sjúkradagpeninga, svo sem um frest til að sækja um sjúkradagpeninga, umsóknir og gögn sem fylgja skulu umsóknum um

sjúkradagpeninga, mat á starfshlutfalli, sjúkradagpeninga samhliða skertu starfshlutfalli og greiðslufyrirkomulag. Þá er ráðherra heimilt að setja reglugerð um helstu viðmið um mat á þátttöku á vinnumarkaði og ástundun náms samhliða endurhæfingargreiðslum, um eftirfylgni og eftirlit með endurhæfingaráætlun og viðurkenndri meðferð. Jafnframt er ráðherra heimilt að setja reglugerð um þjónustugátt, þ.m.t. um aðgang að henni og hvaða gögn og upplýsingar skuli heimilt að skrá, hvernig meðferð þeirra skuli háttað og hvenær þeim beri að eyða, hlutverk aðila og skiptingu ábyrgðar. Þá skal ráðherra setja nánari reglur um vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. um tilgang og aðferðir við vinnsluna, sbr. 5. mgr. 73. gr. Einnig er ráðherra heimilt að setja reglugerð um tekjugrunn, útreikning og framkvæmd greiðslna. Ráðherra skal setja reglugerð um orlofs- og desemberuppbót á sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslur hins vegar, sbr. 3. mgr. 70. gr.

15. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

26. Frá og með 1. janúar 2027 tekur Tryggingastofnun við umsýslu, þ.m.t. greiðslu, sjúkradagpeninga frá Sjúkratryggingum. Þrátt fyrir framangreint skulu Sjúkratryggingar afgreiða umsóknir um sjúkradagpeninga, vegna óvinnufærni sem hófst fyrir 1. janúar 2027 samkvæmt læknisvottorði, á grundvelli 32. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, eins og ákvæðið var orðað fyrir 1. janúar 2027, óháð því hvenær umsókn um sjúkradagpeninga berst.

27. Þrátt fyrir 1. mgr. 67. gr. skulu þeir sem fá sjúkra- og endurhæfingargreiðslur 31. desember 2026 samkvæmt þágildandi 27. gr. laganna fá sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á, frá 1. janúar 2027 og út þann tíma sem staðfest hefur verið að viðurkennd meðferð viðkomandi muni standa yfir eða gildistíma endurhæfingaráætlunar viðkomandi. Geta fyrrnefndar greiðslur varað í allt að 12 mánuði en þó aldrei lengur en sem nemur tímalengd viðurkenndrar meðferðar eða gildistíma endurhæfingaráætlunar, eftir því sem við á. Ljúki þeim tíma sem staðfest hefur verið að viðurkennd meðferð viðkomandi muni standa yfir eða gildistíma endurhæfingaráætlunar á tímabilinu 1. janúar 2027 til og með 30. júní 2027 er heimilt, þrátt fyrir 1. og 2. málsl. og 1. mgr. 71. gr., að greiða sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur samkvæmt lögunum að hámarki til og með 30. júní 2027 til þeirra einstaklinga sem þegar hafa fengið sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í 36 mánuði eða lengur 1. janúar 2027 samkvæmt þágildandi 27. gr. laganna.

16. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

17. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Lög um sjúkratryggingar, nr. 112/2008:
   a. 32. gr. laganna fellur brott.
   b. Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:
      1. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.
      2. 3. mgr. fellur brott.
2. Lög um félagslega aðstoð, nr. 99/2007:

a. Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
   1. Í stað orðanna „skv. IV. kafla laga um almannatryggingar, nr. 100/2007“ í 3. mgr. 8. gr. kemur: skv. IV. kafla, 68. eða 69. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007.
   2. Í stað orðanna „fer skv. 24., 25., 27. og 30. gr. þeirra laga“ kemur: fer skv. 24., 25., 27., 30., 68., 69. og 72. gr. þeirra laga.
b. Í stað orðanna „skv. IV. kafla laga um almannatryggingar„ í 1. mgr. 9. gr. kemur: skv. IV. kafla, 68. eða 69. gr. laga um almannatryggingar.
c. Í stað orðanna „skv. IV. kafla laga um almannatryggingar, nr. 100/2007“ í 2. mgr. 10. gr. kemur: skv. IV. kafla, 68. eða 69. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007.
d. Í stað orðanna „skv. 22. og 30. gr.“ í 13. gr. kemur: skv. 22., 30. eða 72. gr.

G r e i n a r g e r ð .

1. Inngangur.

Greining Tryggingastofnunar á þróun endurhæfingarlífeyris/sjúkra- og endurhæfingargreiðslna frá árinu 2017 og það sem af er árinu 2026 hefur leitt í ljós að breytingar hafa orðið á hópi greiðsluþega á undanförnum árum. Þá hefur greiðsluþegum fjölgað úr 1.656 einstaklingum árið 2017 í 7.192 einstaklinga árið 2026 og hefur fjölgunin verið sérstaklega hröð frá árinu 2023. Konum hefur fjölgað meira en körlum (62%) en hlutfallsleg fjölgun karla hefur samt sem áður verið mikil. Mest hefur fjölgunin verið meðal einstaklinga á aldrinum 60–66 ára og karla á aldrinum 40–49 ára. Enn fremur er sífellt stærri hluti greiðsluþega einhleypur (48%) og án barna á heimili (63%). Þá hefur hlutfall einstaklinga af erlendum uppruna hækkað úr 10% árið 2017 í 25% árið 2026.

Meirihluti umsækjenda um endurhæfingarlífeyri/sjúkra- og endurhæfingargreiðslur hefur lokið grunn- eða framhaldsskólamenntun. Geðraskanir eru langalgengasta orsök greiðslna og á við í um helmingi allra mála en stoðkerfisvandi er næstalgengasta orsök greiðslna. Samanlagt má rekja tvo þriðju hluta allra mála til þessara tveggja þátta. Þá einkennist hópurinn af skýrri skiptingu milli þeirra sem eiga að baki atvinnu- og tekjusögu og þeirra sem hafa fengið greiðslur úr öðrum stuðningskerfum og hafa þá litla eða enga sögu um fyrri atvinnuþátttöku. Samhliða þessu hefur orðið tilfærsla á milli þjónustuaðila í tengslum við þörf hópsins fyrir þjónustu. Þannig hafa heilsugæsla og opinberar heilbrigðisstofnanir orðið stærstu þjónustuaðilarnir á meðan vægi sérhæfðrar starfsendurhæfingar, svo sem hjá VIRK–Starfsendurhæfingarsjóði, hefur hlutfallslega dregist saman. Það er því orðið algengara en áður að einstaklingar sem fá umræddar greiðslur hafi fyrir upphaf greiðslna verið að fá heilbrigðisþjónustu fremur en þjónustu í tengslum við beina starfsendurhæfingu. Þá hefur dregið úr því að einstaklingar fái greiddan örorkulífeyri að lokinni endurhæfingu en hlutfallið fór úr 58% árið 2017 niður í 31% árið 2024. Ætla má að sú þróun gefi vísbendingu um að aukin áhersla á markvissa íhlutun með endurhæfingu og viðurkenndri meðferð innan heilbrigðiskerfisins sem og breytt kerfi stuðli að því að einstaklingar séu í minna mæli en áður metnir með varanlega örorku.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Mörgum af þeim markmiðum sem stefnt var að með innleiðingu á nýju örorkulífeyriskerfi, sem tók gildi 1. september 2025, hefur verið náð en segja má að kerfið sé orðið einfaldara, gagnsærra og réttlátara en áður með samþættu sérfræðimati auk þess sem verkferlar eru skýrari og greiðslufjárhæðir hafa hækkað. Þá eru einstaklingar í minna mæli en áður metnir með varanlega örorku að lokinni endurhæfingu. Framkvæmdin hefur engu að síður leitt í ljós að

breyting hefur orðið á tímalengd endurhæfingar á undanförnum árum samhliða lengingu greiðslutímabils sjúkra- og endurhæfingargreiðslna sem hefur verið lengt þrisvar sinnum frá árinu 2020, eða í 3 ár 2020, í 5 ár 2023 og í 7 ár 2025. Árið 2017 var meðaltímalengd endurhæfingar um 11,8 mánuðir eða tæplega eitt ár en árið 2026 var meðaltímalengd endurhæfingar komin í um 21,5 mánuð. Gögn Tryggingastofnunar sýna enn fremur að hlutfall þeirra sem eru í endurhæfingu og hafa verið það skemur en ár hefur lækkað úr 61,7% á árinu 2017 í 38,1% árið 2026 og hefur hlutfall þeirra sem hafa verið skemur en sex mánuði jafnframt dregist saman úr 36,5% árið 2017 í 20,5% árið 2026. Á sama tíma hefur hlutfall einstaklinga í langvarandi endurhæfingu, sem varir lengur en í tvö ár, meira en þrefaldast eða farið úr 10,1% árið 2017 í 35,4% árið 2026. Hópurinn sem er lengur en 36 mánuði í endurhæfingu er kominn í 17,4% árið 2026. Með lögum nr. 124/2022, um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007 (greiðslutímabil endurhæfingarlífeyris), var hámarkstími í endurhæfingu lengdur í allt að fimm ár. Þá var hámarkstími endurhæfingar lengdur enn frekar eða í allt að sjö ár með lögum nr. 104/2024, um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga. Almennt var gert ráð fyrir allt að þriggja ára endurhæfingartíma en hámarkið var einungis hugsað sem sérstök undantekning fyrir þá sem glímdu við flóknustu og erfiðustu áskoranirnar. Þróunin í reynd á tímabilinu 2023 til 2026 bendir hins vegar til þess að fyrrnefnd lenging á hámarkstíma í endurhæfingu hafi leitt til almennrar lengingar á endurhæfingartíma en hlutfall þeirra sem eru í endurhæfingu lengur en 36 mánuði tæplega fjórfaldaðist á fyrrnefndu tímabili eða fór úr 4,7% í 17,4%. Þótt markmiðið með því að heimila endurhæfingu í allt að sjö ár hafi einungis verið hugsað sem þröng undantekning fyrir fólk með fjölþættan vanda í sérstaklega viðkvæmri stöðu sýna gögn Tryggingastofnunar að tímalengd endurhæfingar virðist almennt vera að færast upp á við hjá fleiri og fleiri einstaklingum. Hefur þessi lenging á meðaltímalengd endurhæfingar haft áhrif á heildarútgjöld málaflokksins.

Greining á gögnum Tryggingastofnunar um einstaklinga sem luku endurhæfingu á árunum 2016–2025 sýnir skýr tengsl milli tímalengdar endurhæfingar og líkum á varanlegri örorku. Í töflu 1 má sjá fjölda einstaklinga sem ekki fengu greiddan örorkulífeyri að lokinni endurhæfingu á tímabilinu 2016–2025 og í töflu 2 má sjá fjölda einstaklinga sem fengu greiddan örorkulífeyri að lokinni endurhæfingu á sama tímabili. Þess ber að geta að tölur fyrir árið 2025 eru ekki að fullu sambærilegar við tölur fyrri ára þar sem enn er ekki liðið heilt ár frá endurhæfingu sem lauk í árslok 2025 en gögn Tryggingastofnunar sýna að stærsti hluti þeirra sem fær greiddan örorkulífeyri að lokinni endurhæfingu fær slíkan lífeyri innan tólf mánaða frá því að greiðslum í tengslum við endurhæfingu lýkur.

Tafla 1.

Einstaklingar sem fá ekki örorkulífeyri eftir endurhæfingu						
Ár	**< 1 ár (fjöldi / %)**	**1–2 ár (fjöldi / %)**	**2–3 ár (fjöldi / %)**	**3–4 ár (fjöldi / %)**	**> 4 ár (fjöldi / %)**	**Samtals (fjöldi / %)**
2016	162 (40%)	74 (21%)	31 (17%)	0 (0%)	0 (0%)	267 (28%)
2017	206 (50%)	92 (25%)	22 (12%)	0 (0%)	1 (33%)	321 (33%)
2018	220 (48%)	134 (31%)	44 (20%)	4 (24%)	3 (50%)	405 (36%)
2019	258 (56%)	174 (43%)	46 (20%)	5 (29%)	3 (25%)	486 (43%)
2020	334 (62%)	188 (39%)	62 (20%)	8 (36%)	3 (18%)	595 (43%)
2021	512 (69%)	303 (50%)	104 (24%)	16 (34%)	3 (13%)	938 (50%)
2022	514 (71%)	294 (55%)	125 (27%)	9 (17%)	7 (21%)	949 (52%)
2023	522 (73%)	257 (61%)	110 (34%)	18 (33%)	9 (32%)	916 (60%)
2024	571 (78%)	278 (62%)	124 (40%)	51 (40%)	11 (22%)	1.035 (62%)
2025	637 (83%)	424 (73%)	149 (47%)	64 (48%)	69 (37%)	1.343 (68%)

Heimild: Tryggingastofnun.

Tafla 2.

Einstaklingar sem fá örorkulífeyri eftir endurhæfingu						
Ár	**< 1 ár (fjöldi / %)**	**1–2 ár (fjöldi / %)**	**2–3 ár (fjöldi / %)**	**3–4 ár (fjöldi / %)**	**> 4 ár (fjöldi / %)**	**Samtals (fjöldi / %)**
2016	221 (55%)	270 (78%)	155 (83%)	12 (100%)	0 (0%)	658 (69%)
2017	188 (45%)	265 (73%)	164 (88%)	4 (100%)	2 (67%)	623 (64%)
2018	203 (45%)	297 (68%)	176 (79%)	13 (76%)	3 (50%)	692 (61%)
2019	181 (39%)	229 (56%)	182 (79%)	12 (71%)	9 (75%)	613 (54%)
2020	172 (32%)	277 (58%)	244 (78%)	14 (64%)	14 (82%)	721 (53%)
2021	193 (26%)	289 (48%)	331 (75%)	30 (64%)	21 (88%)	864 (46%)
2022	165 (23%)	223 (42%)	337 (72%)	43 (81%)	26 (79%)	794 (44%)
2023	149 (21%)	142 (34%)	203 (63%)	36 (67%)	19 (68%)	549 (36%)
2024	131 (18%)	145 (32%)	173 (56%)	71 (56%)	37 (74%)	557 (33%)
2025	85 (11%)	128 (22%)	151 (47%)	63 (47%)	115 (62%)	542 (27%)

Heimild: Tryggingastofnun.

Í töflu 1 og 2 má sjá að á tímabilinu 2016–2025 hefur orðið ákveðinn viðsnúningur hvað varðar fjölda þeirra sem fengu greiddan örorkulífeyri að lokinni endurhæfingu. Þannig fékk meirihluti þeirra sem luku endurhæfingu á árinu 2016 greiddan örorkulífeyri að endurhæfingu lokinni eða 69% á móti 28% sem ekki fengu greiddan örorkulífeyri að lokinni endurhæfingu á því ári. Á árinu 2021 var hlutfallið nánast jafnt eða um 46% á móti um 50%. Árið 2024 fengu 62% þeirra sem luku endurhæfingu ekki greiddan örorkulífeyri í kjölfarið á meðan hlutfall þeirra sem fengu greiddan örorkulífeyri að lokinni endurhæfingu fór niður í 33%. Árið 2025 hélt framangreind þróun áfram þar sem 68% þeirra sem luku endurhæfingu fengu ekki greiddan örorkulífeyri í kjölfarið á móti 27% sem fengu greiddan örorkulífeyri að lokinni endurhæfingu. Samhliða þessum viðsnúningi hefur heildarfjöldi þeirra sem ljúka endurhæfingu án þess að fá greiddan örorkulífeyri í kjölfarið fimmfaldast á tímabilinu 2016–2025 eða farið úr 267 einstaklingum árið 2016 í 1.343 einstaklinga árið 2025.

Greining á gögnum Tryggingastofnunar bendir til þess að líkurnar á að einstaklingur fái greiddan örorkulífeyri aukist verulega eftir því sem endurhæfingartíminn lengist og að árangur sé hvað mestur ef endurhæfingu lýkur innan tveggja ára. Þannig sýna gögnin að árið 2025 fengu einungis 11% þeirra sem voru skemur en eitt ár í endurhæfingu örorkulífeyrisgreiðslur að endurhæfingu lokinni samanborið við 55% árið 2016. Gögnin sýna enn fremur að árið 2025 fengu 22% þeirra sem voru í endurhæfingu í eitt til tvö ár örorkulífeyrisgreiðslur að endurhæfingu lokinni samanborið við 78% árið 2016. Flestir í þessum hópi sem er að hámarki tvö ár í endurhæfingu ná því aftur vinnufærni að endurhæfingu lokinni eða nýta sér önnur úrræði. Hlutfall þeirra sem eru í endurhæfingu í tvö til þrjú ár og fá greiddan örorkulífeyri að lokinni endurhæfingu hefur lækkað úr rúmum 80% á árunum 2016–2020 í 47–56% á síðustu tveimur árum en þó hefur hlutfallið lækkað mest hjá þeim sem ljúka endurhæfingu fyrr. Þá sýna gögn Tryggingastofnunar að þegar endurhæfing stendur yfir í lengri tíma en þrjú ár aukast mikið líkur á varanlegri örorku en í hópi þeirra sem luku endurhæfingu á árunum 2024 og 2025 eftir lengri tíma en fjögur ár í endurhæfingu fékk meirihlutinn eða 62–74% greiddan örorkulífeyri að lokinni endurhæfingu.

Í gögnum Tryggingastofnunar eru skýrar vísbendingar um að lenging á hámarkstíma endurhæfingarlífeyris og sjúkra- og endurhæfingargreiðslna geti leitt til lengri endurhæfingar einstaklinga en fjöldi þeirra sem eru lengur en þrjú til fjögur ár í endurhæfingu hefur vaxið hratt á árunum 2021–2025 eða úr 39 einstaklingum árið 2020 í 311 árið 2025. Þótt hluti þessa

hóps nái árangri í sinni endurhæfingu leiða gögnin í ljós að langvarandi aðstoð innan almannatryggingakerfisins hvað varðar framfærslu endar í flestum tilvikum með varanlegri örorku viðkomandi einstaklinga. Í ljósi framangreinds er almennt talið að snemmtæk íhlutun með réttri þjónustu á réttum tíma sé áhrifaríkasta leiðin til að auka árangur endurhæfingar og til að draga úr nýgengi örorku. Af framangreindu má jafnframt ráða að mikilvægt sé að leggja áherslu á markvissa þjálfun og fjölbreyttar vinnumarkaðsaðgerðir á fyrstu 12–24 mánuðunum í endurhæfingu einstaklinga þar sem líkur á góðum árangri og/eða endurkomu á vinnumarkað eru hvað mestar á því tímabili en líkt og að framan greinir dregur verulega úr líkum á endurkomu á vinnumarkað standi endurhæfing yfir lengur en í þrjú ár.

Í ljósi þess sem að framan er rakið þykir nauðsynlegt að leggja til breytingar á lögum um almannatryggingar, svo sem hvað varðar sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í því skyni að stuðla að því að endurhæfing skili almennt sem bestum árangri.

3. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni frumvarpsins lýtur að breytingum á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, í tengslum við framkvæmd sjúkra- og endurhæfingargreiðslna, meðal annars í ljósi þess að snemmtæk íhlutun með réttri þjónustu á réttum tíma er talin vera áhrifaríkasta leiðin til að auka árangur endurhæfingar og stuðla að árangursríkri endurkomu á vinnumarkað sem og til að draga úr nýgengi örorku. Í frumvarpinu er því lagt til að ákvæði er lúta að tímabundnum sjúkra- og endurhæfingargreiðslum verði færð í nýjan VII. kafla laganna úr IV. kafla gildandi laga en í þeim kafla er jafnframt kveðið á um varanlegan örorkulífeyri og hlutaörorkulífeyri. Er með þessu lögð áhersla á ólíkt eðli og markmið fyrrnefndra greiðslna. Enn fremur er gert ráð fyrir að í fyrrnefndum VII. kafla laganna, sem lagt er til að bætt verði við lögin, sbr. framangreint, verði ákvæði sem annars vegar lúta að sjúkragreiðslum og hins vegar að endurhæfingargreiðslum.

Helstu breytingarnar felast í því að sjúkragreiðslur og endurhæfingargreiðslur eru aðskildar og mælt fyrir um þær í sjálfstæðum lagagreinum auk þess sem hugtökin viðurkennd meðferð og endurhæfing eru skýrð sérstaklega. Með því er gerður afdráttarlaus greinarmunur á viðurkenndri meðferð innan heilbrigðiskerfisins annars vegar og atvinnutengdri starfsendurhæfingu hins vegar. Samhliða er hámarkstími sem heimilt er að greiða sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslu styttur í þrjú ár eða 36 mánuði úr allt að sjö árum samkvæmt gildandi lögum. Nýr 36 mánaða hámarkstími er talinn falla vel að gildandi framkvæmd þar sem meðallengd endurhæfingar er nú um 21,5 mánuðir en gögn Tryggingastofnunar sýna að mestar líkur eru á að vel takist til í tengslum við endurhæfingu fyrstu tvö árin eftir að endurhæfing hefst.

Enn fremur er gert ráð fyrir að lögfest verði að forsenda fyrir sjúkragreiðslum eða endurhæfingargreiðslum sé að fyrir liggi niðurstaða úr grunnmati sem lagt er til að Tryggingastofnun framkvæmi. Gengið er út frá því að matið verði byggt á alþjóðlegu flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um færni, fötlun og heilsu (ICF) fremur en einhliða sjúkdómsgreiningu. Lagt er til að niðurstaða grunnmats gildi í allt að tólf mánuði í senn, meðal annars í því skyni að tryggja persónubundna þjónustu þannig að rétt þjónusta sé veitt á hverjum tíma. Samhliða er lagt til að rík tilkynningarskylda verði lögð á þjónustuaðila í tengslum við lok þjónustu í því skyni að koma í veg fyrir rof á þjónustu til einstaklinga. Markmiðið með grunnmati er meðal annars að stuðla að jafnræði umsækjenda um sjúkragreiðslur og endurhæfingargreiðslur á landsvísu með því að tryggja eins og unnt er að þeir fari allir í gegnum sama ferlið við mat á rétti til fyrrnefndra greiðslna.

Þá er í frumvarpinu lagt til að umsýsla, þ.m.t. greiðsla, sjúkradagpeninga færist frá Sjúkratryggingum til Tryggingastofnunar. Breytingin felur í sér einföldun fyrir einstaklinga sem verða óvinnufærir af heilsufarsástæðum, enda geta þeir framvegis leitað til einnar ríkisstofnunar þegar launatekjur falla niður vegna óvinnufærni. Sjúkradagpeningum er þannig ætlað að mynda fyrsta þrepið í samfelldri þjónustu- og framfærslukeðju almannatrygginga. Með flutningnum fær Tryggingastofnun jafnframt upplýsingar um veikindi einstaklinga fyrr en nú er sem vonast er til að geti skapað tækifæri til að styðja einstakling sem fellur brott af vinnumarkaði fyrr en áður.

Að öðru leyti er í frumvarpinu ekki gert ráð fyrir breytingum á lögum um almannatryggingar og er þannig hvorki gert ráð fyrir breytingum hvað varðar fjárhæðir greiðslna né hvað varðar frítekjumörk. Frumvarpið felur heldur ekki í sér efnislegar breytingar í tengslum við þjónustugátt eða vinnslu persónuupplýsinga frá því sem nú er kveðið á um í 28. gr. gildandi laga. Þó er gert ráð fyrir að fyrrnefnd 28. gr. gildandi laga verði flutt óbreytt í fyrirhugaðan VII. kafla laganna, sbr. 6. og i-lið 14. gr., þar sem ákvæðið á við um sjúkragreiðslur og endurhæfingargreiðslur.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarps þessa þykir hvorki gefa tilefni til sérstakrar umfjöllunar um samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, né alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

5. Samráð. Í vinnslu.

Frumvarp þetta er samið í félags- og húsnæðismálaráðuneytinu í samráði við Tryggingastofnun sem annast framkvæmd laga um almannatryggingar. Við undirbúning frumvarpsins fór einnig fram hefðbundið innra samráð innan Stjórnarráðs Íslands. Við vinnslu frumvarpsins var enn fremur haft sérstakt samráð við heilbrigðisráðuneytið umfram hefðbundið innra samráð innan Stjórnarráðsins auk þess sem haft var samráð við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Sjúkratryggingar, Vinnumálastofnun og VIRK-Starfsendurhæfingarsjóð. Þá var efni frumvarpsins kynnt fyrir Geðhjálp, Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands.

Áform um fyrirhugaða lagasetningu voru birt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is 14. júlí 2026 og var veittur frestur til 14. ágúst 2026 til að koma athugasemdum á framfæri (mál nr. S-133/2026). Alls bárust fjórar umsagnir um áformin sem komu til skoðunar við vinnslu frumvarpsins. Þá voru drög að frumvarpinu birt í samráðsgátt stjórnvalda frá ….. til …..(mál nr. S-……). Alls bárust …. umsagnir um frumvarpið og voru þær allar teknar til skoðunar við lokavinnslu frumvarpsins ……

6. Mat á áhrifum. Í vinnslu.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. gildandi laga kemur fram að markmið laganna sé að tryggja þeim sem lögin taka til og þess þurfa bætur og aðrar greiðslur vegna elli, örorku og framfærslu barna, eftir því sem nánar sé kveðið á um í lögunum. Hér er lagt til að til viðbótar því sem að framan er rakið verði skýrt tekið fram í fyrrnefndri 1. mgr. 1. gr. laganna að markmið þeirra sé einnig að tryggja þeim sem lögin taka til og þess þurfa bætur vegna langvarandi eða alvarlegs heilsubrests. Er þetta lagt til í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á lögunum á undanförnum misserum sem og í ljósi þeirra breytinga sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að verði á lögunum.

Um 2. gr.

Lagt er til að þremur nýjum töluliðum verði bætt við 2. gr. laganna þar sem hugtökin *grunnmat, viðurkennd meðferð* og *endurhæfing* verði skýrð.

Í fyrsta lagi er lagt til að í nýjum 16. tölul. 2. gr. laganna komi fram að með hugtakinu *grunnmat* sé átt við þverfaglegt, heildrænt, staðlað og samræmt mat á þörf einstaklings fyrir þjónustu. Jafnframt er lagt til að matið skuli byggjast á alþjóðlegu flokkunarkerfi um færni, fötlun og heilsu viðkomandi einstaklings en í því sambandi er gengið út frá því að um verði að ræða alþjóðlegt flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (*e. International Classification of Functioning, Disability and Health, ICF*). Hugtakinu er þannig ætlað að fela það í sér að umrætt mat einskorðist ekki við hefðbundið læknisfræðilegt mat heldur skuli einnig litið til sálfræðilegra og félagslegra þátta sem hafa áhrif á færni einstaklingsins og getu hans til virkni. Með þverfaglegri nálgun þykir tryggt að sérfræðingar úr ólíkum greinum (t.d. heilbrigðis-, félags- og atvinnumálum) komi að greiningu á þörf viðkomandi einstaklings fyrir þjónustu eftir því sem við á hverju sinni. Þá er lagt til að matið sé staðlað og samræmt til að tryggja jafnræði umsækjenda þannig að sambærileg mál fái sambærilega meðferð óháð búsetu eða því hvaða fagaðili framkvæmir matið svo dæmi sé tekið. Um nánari skýringar hvað þetta varðar vísast til skýringa við c-lið 14. gr.

Í öðru lagi er lagt til að í nýjum 17. tölul. 2. gr. laganna verði skýrt hvað felist í hugtakinu *viðurkennd meðferð* í skilningi laganna. Er gert ráð fyrir að með hugtakinu sé átt við heilbrigðistengda meðferð sem hefur verið gagnreynd sem örugg og árangursrík gegn tilteknum sjúkdómum, slysum eða áföllum og veitt er af þverfaglegu teymi innan heilbrigðisþjónustunnar. Er þannig gengið út frá því að viðurkennd meðferð byggi á vísindalega viðurkenndum aðferðum innan heilbrigðisvísinda. Enn fremur er gengið út frá því að viðurkennd meðferð geti tekið til margvíslegra úrræða sem veitt er af heilbrigðisstarfsmanni, svo sem rannsókna, aðgerða, lyfjameðferða, sjúkraþjálfunar, sálfræðimeðferða eða annarrar heilbrigðisþjónustu. Þá er gert ráð fyrir að fram komi í skýringu hugtaksins að tilgangur viðurkenndrar meðferðar sé tvíþættur, annars vegar að greina, lækna, hjúkra eða annast sjúkling og hins vegar að stuðla að aukinni færni viðkomandi í daglegum aðstæðum eða til atvinnuþátttöku að fullu eða að hluta. Jafnframt er gert ráð fyrir að viðurkennd meðferð skuli veitt af þverfaglegu teymi innan heilbrigðisþjónustunnar, svo sem á heilsugæslustöðvum. Er gengið út frá því að í slíku teymi geti til dæmis starfað læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar, sálfræðingar og félagsráðgjafar allt eftir því hver þörfin er, án þess að gerð sé krafa um að allar framangreindar fagstéttir eigi fulltrúa í teyminu hverju sinni. Með þessu er leitast við að tryggja að sjúkragreiðslur verði eingöngu greiddar til einstaklinga sem eru í virkri og gagnreyndri meðferð innan heilbrigðiskerfisins. Byggist það á því að heilsufarsvandi sem veldur óvinnufærni er í flestum tilvikum margþættur og kallar á heildstæða nálgun. Heilsugæslan gegnir lögbundnu hlutverki sem fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu og hefur yfir að ráða fagaðilum á sviði lækninga, hjúkrunar, sálfræði og endurhæfingar. Þegar inntar eru af hendi sjúkragreiðslur á meðan viðurkennd meðferð stendur yfir verður að vera tryggt að hún sé gagnreynd, örugg og skili árangri við að mæta afleiðingum sjúkdóma, slysa eða áfalla. Með þverfaglegu teymi er unnt að leggja heildstætt mat á stöðu einstaklingsins og samræma úrræði út frá öllum þáttum heilsu og virkni. Þegar ólíkar faggreinar vinna saman að einni meðferðaráætlun má ætla að unnt sé að bregðast hraðar við hindrunum í bataferlinu, stilla af væntingar um vinnugetu og tengja meðferðina við markmið um aukna færni og endurkomu á vinnumarkað. Um nánari skýringar hvað þetta varðar vísast til skýringa við d-lið 14. gr.

Í þriðja lagi er lagt til að í nýjum 18. tölul. 2. gr. laganna verði kveðið á um að með hugtakinu *endurhæfing* sé í lögunum átt við ferli sem felur í sér markviss úrræði sem hafi það að markmiði að hámarka, viðhalda eða stuðla að aukinni færni einstaklings með skerta starfsgetu til atvinnuþátttöku að fullu eða að hluta. Með þessu er lögð áhersla á að endurhæfing skuli miða að því að efla starfshæfni, endurkomu á vinnumarkað eða þátttöku í atvinnulífinu, eftir því sem við á. Jafnframt er gert ráð fyrir að endurhæfing taki mið af raunverulegri stöðu og aðstæðum viðkomandi einstaklings og krefjist samfellu og samræmdra aðgerða sem byggja á gagnreyndri þekkingu. Er þannig gengið út frá því að íhlutanir séu liður í markvissri endurhæfingaráætlun með skýrum markmiðum og að úrræði byggist á viðurkenndum og faglega rökstuddum aðferðum. Með þessari skýringu umrædds hugtaks eru dregin skýr skil á milli atvinnutengdrar endurhæfingar annars vegar og hreinnar læknismeðferðar hins vegar. Um nánari skýringar hvað þetta varðar vísast til skýringa við e-lið 14. gr.

Um 3. gr.

Í 3. gr. gildandi laga er kveðið á um að lögin gildi um lífeyristryggingar almannatrygginga, sjúkra- og endurhæfingargreiðslur, ráðstöfunarfé og fyrirframgreiðslu meðlaga og annarra framfærsluframlaga. Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á lögunum í 5. og 14. gr., þess efnis að kveðið verði á um sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslur hins vegar í nýjum VII. kafla laganna, sem og í samræmi við að ákvæði um sjúkradagpeninga verði fært úr 32. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, í nýtt ákvæði í lögum um almannatryggingar, 66. gr., sbr. 14. gr., er lagt til að skýrt verði kveðið á um í 1. mgr. 3. gr. laganna að lögin gildi um sjúkradagpeninga, sjúkragreiðslur og endurhæfingargreiðslur.

Um 4. gr.

Í gildandi lögum ber IV. kafli laganna heitið *Örorkulífeyrir og sjúkra- og endurhæfingargreiðslur*. Hér er lagt til að heiti kaflans verði breytt í *Örorkulífeyrir*. Er það í samræmi við þær breytingar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að verði gerðar hvað varðar efni þessa tiltekna kafla í lögunum en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ekki verði lengur kveðið á um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í kaflanum heldur verði kveðið á um sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslu hins vegar í nýjum VII. kafla laganna, sbr. 5. og 14. gr. Í ljósi þess að eftir framangreinda breytingu á efni IV. kafla gildandi laga muni kaflinn eingöngu hafa að geyma ákvæði er lúta að örorkulífeyri þykir rétt og eðlilegt að uppfæra heiti kaflans svo heitið gefi rétta mynd af efni kaflans.

Um 5. gr.

Í 27. gr. gildandi laga er kveðið á um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur. Hér er lagt til að fyrrnefnd 27. gr. laganna verði felld brott og að efni greinarinnar verði fært í nýjan VII. kafla í lögunum að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að áfram verði heimilt að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í allt að þrjá mánuði eftir að endurhæfingu lýkur, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Er þannig lagt til að þessi heimild verði felld brott, ekki síst þar sem hún hefur lítið verið nýtt í framkvæmd þar sem almennt er leitast við að ákvarða næstu skref einstaklinga áður en endurhæfingu lýkur endanlega. Þá er gert ráð fyrir að í nýjum VII. kafla verði meðal annars gerður skýr greinarmunur á sjúkragreiðslum annars vegar og endurhæfingargreiðslum hins vegar. Er þetta lagt til meðal annars í því skyni að draga fram að sjúkragreiðslur og endurhæfingargreiðslur eru annars konar réttindi en þau réttindi sem kveðið er á um í IV. kafla gildandi laga og að ólík skilyrði þurfa að vera uppfyllt fyrir slíkum

greiðslum annars vegar og öðrum greiðslum samkvæmt lögunum hins vegar, svo sem örorku- og ellilífeyri.

Um nánari skýringar hvað þetta varðar vísast til skýringa við d- og e- lið 14. gr.

Um 6. gr.

Með 6. gr. er lagt til að ákvæði 28. gr. gildandi laga, sem kveður á um starfrækslu þjónustugáttar og vinnslu persónuupplýsinga, verði framvegis að finna í nýrri 73. gr. laganna. Er það lagt til þar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að ekki verði lengur kveðið á um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í IV. kafla laganna heldur verði kveðið á um sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslur hins vegar í nýjum VII. kafla laganna, sbr. 5. og 14. gr. Er því jafnframt gert ráð fyrir að í nýrri 73. gr. í nýjum VII. kafla laganna verði kveðið á um þjónustugátt og vinnslu persónuupplýsinga í þeim tilgangi að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir viðurkenndar meðferðir og endurhæfingarþjónustu sem einstaklingar fá á hverjum tíma og til að stuðla að samfellu í þjónustu og greiðslum hjá þeim sem þurfa þjónustu fleiri en eins þjónustuaðila.

Um 7. gr.

Í 5. mgr. 30. gr. í IV. kafla gildandi laga er kveðið á um að við útreikning sjúkra- og endurhæfingargreiðslna skv. 27. gr. laganna skuli greiðsluþegi hafa almennt frítekjumark sem og sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna.

Hér er lagt til að fyrrnefnd 5. mgr. 30. gr. laganna verði felld brott. Er það lagt til þar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að ekki verði lengur kveðið á um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í IV. kafla laganna heldur verði kveðið á um sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslur hins vegar í nýjum VII. kafla laganna, sbr. 5. og 14. gr. Er því jafnframt gert ráð fyrir að í nýrri 72. gr. í nýjum VII. kafla laganna verði kveðið á um umrædd frítekjumörk.

Um nánari skýringar hvað þetta varðar vísast til skýringa við h-lið 14. gr.

Um 8. gr.

Í 31. gr. gildandi laga er kveðið á um að ráðherra sé meðal annars heimilt að kveða í reglugerð nánar á um hvaða þjónustuaðilar geti borið ábyrgð á gerð endurhæfingaráætlana og staðfest viðurkenndar meðferðir, helstu viðmið um mat á þátttöku á vinnumarkaði og ástundun náms samhliða sjúkra- og endurhæfingargreiðslum, um þjónustugátt, þ.m.t. um aðgang að henni og hvaða gögn og upplýsingar skuli heimilt að skrá, hvernig meðferð þeirra skuli háttað og hvenær þeim beri að eyða, hlutverk aðila og skiptingu ábyrgðar.

Í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á lögunum í 5. og 14. gr., þess efnis að kveðið verði á um sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslur hins vegar í nýjum VII. kafla laganna, er hér lagt til framangreind efnisatriði verði felld brott úr 31. gr. laganna. Er gert ráð fyrir að í stað þess verði kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um hvaða þjónustuaðilar geti borið ábyrgð á gerð endurhæfingaráætlana og staðfest viðurkenndar meðferðir, helstu viðmið um mat á þátttöku á vinnumarkaði og ástundun náms samhliða sjúkragreiðslum annars vegar og endurhæfingargreiðslum hins vegar, um þjónustugátt, þ.m.t. um aðgang að henni og hvaða gögn og upplýsingar skuli heimilt að skrá, hvernig meðferð þeirra skuli háttað og hvenær þeim beri að eyða, hlutverk aðila og skiptingu ábyrgðar í nýrri 75. gr. í nýjum VII. kafla laganna, sbr. 14. gr.

Um nánari skýringar hvað þetta varðar vísast til skýringa við k-lið 14. gr.

Um 9. gr.

Í 33. gr. gildandi laga er meðal annars kveðið á um hvað skuli leggja til grundvallar og hvernig fara skuli með aðrar tekjur greiðsluþega, svo sem atvinnutekjur, við útreikning greiðslna hvers mánaðar samkvæmt lögunum. Í 5. mgr. greinarinnar er þannig kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar sé við útreikning á greiðslum skv. III. og IV. kafla laganna, sbr. einnig 13. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, heimilt að telja atvinnutekjur til tekna greiðsluþega einungis í þeim mánuði þegar þeirra er aflað.

Hér er lagt til að í stað þess að eingöngu verði vísað til III. og IV. kafla laganna í fyrrnefndri 5. mgr. 33. gr. laganna verði jafnframt vísað til 68. og 69. gr. laganna sem gert er ráð fyrir að bætt verði við lögin, sbr. d- og e-lið 14. gr., þar sem kveðið verði á um sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslur hins vegar.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. 37. gr. gildandi laga er kveðið á um að einstaklingar sem eru í óvígðri sambúð njóti sömu réttinda og beri sömu skyldur og hjón samkvæmt lögunum og að um fjármagnstekjur sambýlisfólks skuli fara skv. 22. og 30. gr. laganna. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að kveðið verði á um sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslur hins vegar sem og frítekjumörk í tengslum við slíkar greiðslur í nýrri 72. gr. laganna, sbr. 14. gr. Hér er því lagt til að skýrt verði kveðið á um í 1. mgr. 37. gr. laganna að um fjármagnstekjur sambýlisfólks skuli fara skv. 22., 30 eða 72. gr. laganna.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. 38. gr. gildandi laga er kveðið á um að dvelji einstaklingur sem fær greiðslur skv. III. eða IV. kafla laganna lengur en í mánuð samfellt á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum falli greiðslur til hans niður ef dvölin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði. Hér er lagt til að hið sama eigi við um greiðslur sem einstaklingur sem dvelst í mánuð samfellt á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum fær samkvæmt nýrri 68. eða nýrri 69 gr. laganna, sbr. d- og e-lið 14. gr., ef dvölin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði.

Þá er í 1. mgr. 39. gr. gildandi laga kveðið á um að afpláni einstaklingur sem fær greiðslur skv. III. eða IV. kafla laganna refsingu í fangelsi eða komi sér viljandi undan því að afplána refsingu skuli allar greiðslur til hans falla niður, sbr. 32. gr. laganna. Hér er lagt til að hið sama eigi við um greiðslur sem einstaklingur, sem afplánar refsingu í fangelsi eða kemur sér viljandi undan því að afplána refsingu, fær samkvæmt nýjum nýrri 68. eða nýrri 69 gr. laganna, sbr. d- og e-lið 14. gr.

Ekki er um efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum en þar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að kveðið verði á um sjúkragreiðslur annars vegar í nýrri 68 gr. laganna og endurhæfingargreiðslur hins vegar í nýrri 69. gr. laganna þykir mikilvægt að einnig verði vísað til fyrrnefndra ákvæða 1. mgr. 38. gr. sem og í 1. mgr. 39. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. 40. gr. gildandi laga er kveðið á um að barnalífeyrir skuli greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða fær greiðslur skv. IV. kafla, hafi annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft búið hér á landi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram. Hér er lagt til að hið sama eigi við ef annað hvort foreldra fær greiðslur samkvæmt nýrri 68. eða nýrri 69 gr. laganna, sbr. d- og e-lið 14. gr., enda séu skilyrði uppfyllt að öðru leyti.

Jafnframt er í 1. mgr. 40. gr. gildandi laga kveðið á um að séu báðir foreldrar látnir eða fái greiðslur skv. IV. kafla laganna skuli greiddur tvöfaldur barnalífeyrir. Hér er lagt til að hið sama eigi við fái foreldrar greiðslur samkvæmt nýrri 68. eða nýrri 69 gr. laganna, sbr. d- og e-lið 14. gr., enda séu skilyrði uppfyllt að öðru leyti.

Ekki er um efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum en þar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að kveðið verði á um sjúkragreiðslur annars vegar í nýrri 68. gr. laganna og endurhæfingargreiðslur hins vegar í nýrri 69. gr. laganna þykir mikilvægt að einnig verði vísað til fyrrnefndra ákvæða í 1. mgr. 40. gr. laganna.

Um 13. gr.

Í 1. málsl. 62. gr. gildandi laga er kveðið á um að greiðslur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 42. gr. og frítekjumörk skv. 22. og 30. gr. laganna skuli breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Jafnframt er kveðið á um að við ákvörðun um framangreindar breytingar skuli taka mið af þróun frá 1. júní 2025 á launavísitölu, sbr. lög um launavísitölu, þó þannig að umræddar greiðslur hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Hér er gert ráð fyrir að hið sama eigi við um frítekjumörk í tengslum við sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslur hins vegar sem gert er ráð fyrir að kveðið verði á um í nýrri 72. gr. laganna, sbr. 14. gr. Er þannig lagt til að skýrt verði kveðið á um í 1. málsl. 62. gr. laganna að frítekjumörk skv. 22., 30. og 72. gr. laganna skuli breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ekki er um efnisbreytingu að ræða þar sem kveðið er á um frítekjumörk sjúkra- og endurhæfingargreiðslna í 30. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er lagt til að við lögin bætist nýr kafli, VII. kafli, með ellefu nýjum lagagreinum, 65.–75. gr. Jafnframt er lagt til að fyrirsögn kaflans verði *Sjúkradagpeningar, sjúkragreiðslur og endurhæfingargreiðslur*.

Um a-lið (65. gr.).

Hér er lagt til að í nýrri 65. gr. laganna verði kveðið á um almenn skilyrði fyrir greiðslu sjúkradagpeninga samkvæmt nýrri 66. gr. laganna, sbr. b-lið 14. gr., sem og fyrir sjúkragreiðslum samkvæmt nýrri 68. gr. laganna, sbr. d-lið 14. gr., og endurhæfingargreiðslum samkvæmt nýrri 69. gr. laganna, sbr. e-lið 14. gr. Í gildandi 10. gr. laga um sjúkratryggingar segir meðal annars að sjúkratryggður sé sá sem búsettur sé á Íslandi og hafi verið það a.m.k. síðustu þrjá mánuðina áður en sótt er um réttindi eða réttindagreiðslna er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Hér er lagt til að kveðið verði á um í lögum um almannatryggingar að umsækjandi hafi verið tryggður hér á landi í að minnsta kosti tólf mánuði samfellt fyrir þann tíma sem réttur til sjúkradagpeninga getur stofnast. Er það lagt til svo hið sama gildi hvað varðar stofnun réttinda samkvæmt nýjum VII. kafla laganna, óháð því hvort um er að ræða sjúkradagpeninga, sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur. Að öðru leyti er efnislegt inntak ákvæðisins samhljóða 4. mgr. 27. gr. gildandi laga. Þannig er áfram gert ráð fyrir að umsækjandi þurfi að hafa náð 18 ára aldri en þó ekki lögbundnum ellilífeyrisaldri skv. 1. mgr. 16. gr. laganna, enda er úrræðunum ætlað að stuðla að aukinni færni einstaklinga á vinnualdri til atvinnuþátttöku eða í daglegum aðstæðum áður en til skoðunar kemur hvort skilyrði séu uppfyllt fyrir varanlegum örorkulífeyri. Jafnframt er áfram gert að skilyrði að umsækjandi hafi verið tryggður hér á landi í skilningi laganna í að minnsta kosti tólf mánuði samfellt fyrir þann tíma sem réttur til greiðslna getur stofnast. Frá tólf mánaða tryggingaskilyrðinu er lagt til að gerð verði sú undantekning að heimilt verði að taka tillit til trygginga-, starfs- eða

búsetutímabila sem einstaklingur hefur áunnið sér samkvæmt löggjöf annars samningsríkis en með því er sem dæmi átt við önnur ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins á grundvelli reglugerðar ESB nr. 883/2004 eða á grundvelli Norðurlandasamnings um almannatryggingar, að því marki sem nauðsynlegt er til að uppfylla skilyrðið og í samræmi við ákvæði 59. gr. laganna.

Þá er lagt til að þegar um sé að ræða sjúkragreiðslur samkvæmt nýrri 68. gr. laganna eða endurhæfingargreiðslur samkvæmt nýrri 69. gr. laganna megi umsækjandi um slíkar greiðslur ekki eiga rétt til launa í forföllum vegna veikinda samkvæmt kjarasamningum eða ráðningarsamningi eða rétt til greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga. Er þetta lagt til í því skyni að tryggja samspil milli greiðslna atvinnurekenda, sjúkrasjóða stéttarfélaga og almannatryggingakerfisins og þannig leitast við að koma í veg fyrir viðkomandi geti átt rétt á greiðslum frá fleiri en einum aðila vegna sama tímabils.

Um b-lið (66. gr.).

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að mælt verði fyrir um rétt einstaklinga til sjúkradagpeninga og þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt fyrir slíkum greiðslum en með frumvarpi þessu er lagt til að umsýsla, þ.m.t. greiðsla sjúkradagpeninga, verði færð frá Sjúkratryggingum til Tryggingastofnunar og er ákvæðið byggt á 32. gr. gildandi laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008. Þannig er áfram gert ráð fyrir að einstaklingur geti átt rétt á fullum sjúkradagpeningum þegar viðkomandi verður óvinnufær að fullu vegna heilsubrests sem staðfestur er með læknisvottorði, enda leggi viðkomandi niður launaða vinnu og launatekjur falla niður, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Enn fremur er gert ráð fyrir að einstaklingur geti átt rétt á hálfum sjúkradagpeningum þegar viðkomandi verður óvinnufær að fullu vegna heilsubrests sem staðfestur er með læknisvottorði, enda leggi hann niður launaða vinnu sem nemur minna en fullu starfi en þó að lágmarki hálfu starfi og launatekjur falla niður, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

Þá er í 3. mgr. gert ráð fyrir að við ákvörðun um rétt til sjúkradagpeninga skv. 1. eða 2. mgr. ákvæðisins skuli miða við starfshlutfall viðkomandi einstaklings síðustu tvo mánuðina áður en hann varð óvinnufær. Þó er lagt til að endurspegli starfshlutfall viðkomandi á fyrrnefndu tímabili ekki hefðbundið starfshlutfall hans skuli miða við meðalstarfshlutfall síðustu tólf mánaða sé það til hagsbóta fyrir einstaklinginn. Er þetta lagt til þannig að skýrt sé til hvers skuli líta við mat á starfshlutfalli viðkomandi einstaklings við ákvörðun um rétt til sjúkradagpeninga skv. 1. og 2. mgr. ákvæðisins.

Gert er ráð fyrir að í 4. mgr. verði kveðið á um að einstaklingur geti átt rétt á sjúkradagpeningum að hluta, eins og nánar verði kveðið á um í reglugerð sem gengið er út frá að ráðherra setji, sbr. ný 75. gr. laganna, svo sem hvað varðar frest til að sækja um sjúkradagpeninga, umsóknir og gögn sem fylgja skulu umsóknum um sjúkradagpeninga, mat á starfshlutfalli, sjúkradagpeninga samhliða skertu starfshlutfalli og greiðslufyrirkomulag. Ákvæðið á við þegar einstaklingur hefur þátttöku að nýju á vinnumarkaði í launaðri vinnu, sem er liður í endurkomu viðkomandi á vinnumarkað, en þó í skertu starfshlutfalli eftir tímabundið brotthvarf af vinnumarkaði skv. 1. eða 2. mgr., enda sé jafnframt um að ræða skertar launatekjur. Ákvæðið felur í sér undanþágu frá þeirri meginreglu að sjúkradagpeningar séu einungis greiddir til einstaklinga sem eru að fullu óvinnufærir og þegar launatekjur viðkomandi falla að fullu niður. Er þetta lagt til þar sem litið er svo á að greiðsla sjúkradagpeninga að hluta sé mikilvægur hvati fyrir einstaklinga til að hefja í skrefum endurkomu á vinnumarkað eftir brotthvarf af vinnumarkaði.

Í 5. mgr. er lagt til að skýrt verði kveðið á um að með launaðri vinnu sé í skilningi ákvæðisins átt við alla vinnu við beina tekjuöflun, hvort sem um sé að ræða launafólk eða sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Sjúkradagpeningum er þannig ætlað að koma til móts við tekjutap vegna óvinnufærni. Fái viðkomandi einstaklingur hins vegar áfram óskert laun frá vinnuveitanda sínum þrátt fyrir óvinnufærni, svo sem á grundvelli veikindaréttar samkvæmt kjarasamningi eða ráðningarsamningi, er ekki gert ráð fyrir að viðkomandi geti fengið sjúkradagpeninga á sama tímabili.

Um c-lið (67. gr.).

Hér er lagt til nýtt ákvæði þar sem kveðið verði á um að grunnmat sé forsenda fyrir sjúkragreiðslum samkvæmt nýrri 68. gr. laganna og endurhæfingargreiðslum samkvæmt nýrri 69. gr. laganna, enda séu önnur skilyrði laganna uppfyllt. Er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun beri ábyrgð á gerð grunnmatsins.

Með þessu er stefnt að því að Tryggingastofnun geti frá upphafi haft heildaryfirsýn yfir stöðu þess einstaklings sem um ræðir hverju sinni og geti jafnframt fylgst með framvindu hjá viðkomandi innan mismunandi greiðslu- og þjónustukerfa.

Gert er ráð fyrir að í niðurstöðu grunnmats skuli koma fram hver er geta viðkomandi einstaklings til virkni á vinnumarkaði sem og þörf hans fyrir sjúkragreiðslur samkvæmt nýrri 68. gr. laganna eða endurhæfingargreiðslur samkvæmt nýrri 69. gr. laganna, eftir því sem við eigi. Er í því sambandi gengið út frá því að fram komi í niðurstöðu grunnmats hvort viðkomandi einstaklingur er fær um að taka þátt á vinnumarkaði að fullu eða að hluta og jafnframt hvort hann þurfi á þjónustu frá þjónustuaðila að halda. Er þannig gert ráð fyrir að það sé forsenda þess að viðkomandi geti átt rétt á sjúkragreiðslum samkvæmt nýrri 68. gr. laganna og endurhæfingargreiðslum samkvæmt nýrri 69. gr. laganna að fram komi í niðurstöðu grunnmats að viðkomandi þurfi á þjónustu frá þjónustuaðila að halda. Enn fremur er gengið út frá því að komi fram í niðurstöðu grunnmats að viðkomandi einstaklingur þurfi á þjónustu að halda frá þjónustuaðila verði niðurstaðan jafnframt leiðbeinandi hvað varðar það frá hvaða þjónustuaðila þörfin er fyrir þjónustu. Með þjónustuaðila er í þessu sambandi átt við Tryggingastofnun, VIRK–Starfsendurhæfingarsjóð, félagsþjónustu sveitarfélaga, Vinnumálastofnun og heilbrigðisstofnanir, sbr. 14. tölul. 2. gr. laganna. Með þessu er meðal annars leitast við að koma á virkara samspili en nú er milli greiðslukerfis almannatrygginga og þjónustuaðila í skilningi laganna.

Þá er lagt til að við framkvæmd grunnmats skuli Tryggingastofnun byggja á fyrirliggjandi gögnum um getu viðkomandi einstaklings til virkni á vinnumarkaði sem og á fyrirliggjandi gögnum, meðal annars um fötlun og heilsu viðkomandi og um árangur fyrri meðferða og/eða endurhæfingar, eftir því sem við eigi. Gengið er út frá því að með fyrirliggjandi gögnum geti meðal annars verið um að ræða mat viðkomandi umsækjanda á eigin heilsufari og mat hans á eigin færni til atvinnuþátttöku sem og upplýsingar um viðhorf hans til aukinnar virkni, eftir því sem við á. Jafnframt er gengið út frá því að um geti verið að ræða mat heilbrigðisstarfsmanns á heilsufari viðkomandi umsækjanda á færni viðkomandi til atvinnuþátttöku, meðal annars á grundvelli fyrrnefnds sjálfsmats og á grundvelli upplýsinga frá öðrum þjónustukerfum, svo sem upplýsinga úr heilbrigðisvottorði um vinnufærni, eftir því sem við á. Loks er einnig gengið út frá því að aflað verði umsagnar vinnuveitanda, eftir því sem við á, þar sem ætla má að umsögn vinnuveitanda geti meðal annars veitt mikilvægar upplýsingar, svo sem hvað varðar kröfur sem gerðar hafa verið til viðkomandi einstaklings í tengslum við starf hans hjá vinnuveitandanum, möguleika á aðlögun vinnustaðarins að breyttum aðstæðum viðkomandi einstaklings, meðal annars hvað varðar starfshlutfall. Með þessu má jafnframt ætla að stuðlað sé að því að viðhalda tengslum viðkomandi starfsmanns við vinnuveitanda/vinnustað meðan á viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu stendur.

Grunnmati er þannig ætlað að vera forsenda fyrir afgreiðslu sjúkragreiðslna og endurhæfingargreiðslna sem gert er ráð fyrir að kveðið verði á um í nýjum VII. kafla laganna og er markmiðið með matinu meðal annars að tryggja að færni, heilsufar og þörf viðkomandi einstaklings fyrir þjónustu sé metin snemma þegar upp koma veikindi og/eða slys á markvissan, samræmdan og þverfaglegan hátt, þannig að unnt sé að grípa tímanlega inn í með viðeigandi úrræðum, viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu til að efla færni og koma í veg fyrir varanlega örorku.

Um d-lið (68. gr.).

Í 27. gr. gildandi laga er kveðið á um *sjúkra- og endurhæfingargreiðslur* sem einn heildstæðan greiðsluflokk. Í frumvarpi þessu er hins vegar lagt til að greiðslurnar verði aðgreindar og að kveðið verði á um sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslur hins vegar. Þannig er gert ráð fyrir að greiðslurnar nái annars vegar til þeirra einstaklinga sem þurfa á viðurkenndri meðferð að halda innan heilbrigðiskerfisins og hins vegar til þeirra sem þurfa á endurhæfingu að halda.

Hér er í 1. mgr. lagt til að einstaklingur geti átt rétt á sjúkragreiðslum á grundvelli niðurstöðu grunnmats samkvæmt nýrri 67. gr. laganna, sbr. c-lið 14. gr., fái viðkomandi viðurkennda meðferð, sem byggi á niðurstöðunum, vegna langvarandi eða alvarlegs heilsubrests eða fötlunar sem talin er geta haft áhrif til frambúðar á getu hans til virkni á vinnumarkaði, enda séu önnur skilyrði laganna uppfyllt. Þá er gert ráð fyrir að forsenda fyrir greiðslum sé að heilsubrestur einstaklings sé afleiðing af sjúkdómi, slysi eða áfalli og að við það skuli miða að heilsubresturinn eða fötlunin valdi því að viðkomandi geti hvorki stundað vinnu né nám. Ekki er gert ráð fyrir að heimilt verði að líta á hlutastörf eða nám sem lið í viðurkenndri meðferð þegar um sjúkragreiðslur er að ræða. Er þannig leitast við að skilja á milli læknisfræðilegrar meðferðar annars vegar og endurhæfingar hins vegar.

Í 2. mgr. er lagt til að skilyrði fyrir sjúkragreiðslum verði að fyrir liggi staðfesting frá þjónustuaðila á að viðkomandi einstaklingur fái viðurkennda meðferð sem taki mið af þörfum viðkomandi samkvæmt niðurstöðu grunnmats samkvæmt nýrri 67. gr. laganna, sbr. c-lið 14. gr. Þá er lagt til að Tryggingastofnun meti, í samráði við hlutaðeigandi þjónustuaðila, hvað teljist viðurkennd meðferð í skilningi laganna og hvort meðferðin sé fullnægjandi í tilfelli þess einstaklings sem í hlut á hverju sinni. Með þessu er leitast við að auka eftirlit og samræmi við framkvæmd. Er ákvæði þetta lagt til þannig að skýrt sé kveðið á um í lögunum hvaða sérstöku skilyrði þurfa að vera uppfyllt í tengslum við sjúkragreiðslur til viðbótar við önnur almenn skilyrði sem kveðið er á um í lögunum

Í 3. mgr. er lagt til að Tryggingastofnun og þjónustuaðilum verði heimilt að semja við meðferðaraðila um veitingu viðurkenndrar meðferðar í umboði hlutaðeigandi þjónustuaðila. Sambærileg heimild er í 1. málsl. 2. mgr. 27. gr. gildandi laga en hér er gert ráð fyrir skýrari heimild en er í því ákvæði til að semja við meðferðaraðila. Með þessu er stutt við virkt samstarf opinberra stofnana og sjálfstætt starfandi meðferðaraðila við veitingu viðurkenndrar meðferðar.

Um e-lið (69. gr.).

Í 27. gr. gildandi laga er kveðið á um *sjúkra- og endurhæfingargreiðslur* sem einn heildstæðan greiðsluflokk. Í frumvarpi þessu er hins vegar lagt til að greiðslurnar verði aðgreindar og að kveðið verði á um sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslur hins vegar. Þannig er gert ráð fyrir að greiðslurnar nái annars vegar til þeirra einstaklinga sem þurfa á viðurkenndri meðferð að halda innan heilbrigðiskerfisins og hins vegar til þeirra sem þurfa á endurhæfingu að halda.

Hér er í 1. mgr. lagt til einstaklingur geti átt rétt á endurhæfingargreiðslum á grundvelli niðurstöðu grunnmats samkvæmt nýrri 67. gr. laganna, sbr. c-lið 14. gr., taki viðkomandi virkan þátt í endurhæfingu í samræmi við starfstengda endurhæfingaráætlun, sem byggi á niðurstöðunum, vegna langvarandi eða alvarlegs heilsubrests eða fötlunar sem talin er geta haft áhrif til frambúðar á getu hans til virkni á vinnumarkaði, enda séu önnur skilyrði laganna uppfyllt. Enn fremur er gert ráð fyrir að forsenda fyrir greiðslum sé að heilsubrestur einstaklings sé afleiðing af sjúkdómi, slysi eða áfalli. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að líta á þátttöku á vinnumarkaði eða nám sem lið í endurhæfingu að því tilskyldu að atvinnuþátttakan eða námið þjóni markmiði endurhæfingarinnar samkvæmt fyrirliggjandi endurhæfingaráætlun.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að skilyrði fyrir endurhæfingargreiðslum verði að fyrir liggi staðfesting frá þjónustuaðila á að viðkomandi einstaklingur taki virkan þátt í endurhæfingu á grundvelli starfstengdrar endurhæfingaráætlunar sem taki mið af þörfum viðkomandi samkvæmt niðurstöðu grunnmats. Þjónustuaðila er þannig gert að tryggja að endurhæfingaráætlunin sem unnið er eftir í hverju tilviki fyrir sig taki mið af raunverulegum þörfum og getu þess einstaklings sem um ræðir hverju sinni. Gert er ráð fyrir að sérstaklega verði tekið fram að endurhæfingaráætlanir skuli vera starfstengdar. Þá er lagt til að Tryggingastofnun meti, í samráði við hlutaðeigandi þjónustuaðila, hvað telst endurhæfing í skilningi laganna og hvort endurhæfing sé fullnægjandi í tilfelli þess einstaklings sem í hlut á hverju sinni. Er ákvæði þetta lagt til þannig að skýrt sé kveðið á um í lögunum hvaða sérstöku skilyrði þurfa að vera uppfyllt í tengslum við endurhæfingargreiðslur til viðbótar við önnur almenn skilyrði sem kveðið er á um í lögunum.

Í 3. mgr. er lagt til að Tryggingastofnun og þjónustuaðilum verði heimilt að semja við endurhæfingaraðila um veitingu endurhæfingarþjónustu. Sambærileg heimild er í 1. málsl. 2. mgr. 27. gr. gildandi laga en hér er gert ráð fyrir skýrari heimild en er í því ákvæði til að semja við endurhæfingaraðila. Með þessu er stutt við virkt samstarf opinberra stofnana og sjálfstætt starfandi endurhæfingaraðila við veitingu endurhæfingarþjónustu.

Um f-lið (70. gr.).

Hér er lagt til að mælt verði fyrir um fjárhæðir sjúkradagpeninga, sjúkragreiðslna og endurhæfingargreiðslna. Er jafnframt gert ráð fyrir að mælt verði fyrir um reglur um lækkun fjárhæða vegna tekjutengingar þegar um er að ræða sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur. Um er að ræða efnislega samhljóða reglur og kveðið er á um annars vegar í 7. mgr. 27. gr. gildandi laga um almannatryggingar og hins vegar í 3. mgr. 32. gr. laga um sjúkratryggingar að öðru leyti en því að fjárhæðir hafa verið uppfærðar.

Þá er gert ráð fyrir að lögfest verði skylda til að greiða árlega orlofs- og desemberuppbót á sjúkragreiðslur og endurhæfingargreiðslur á viðkomandi ári, að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem ráðherra setur í reglugerð samkvæmt nýrri 75. gr. laganna en gert er ráð fyrir að í því ákvæði verði ráðherra gert skylt að setja slíka reglugerð.

Um g-lið (71. gr.).

Hér er lagt til nýtt ákvæði, meðal annars um greiðslutímabil greiðslna samkvæmt nýjum VII. kafla laganna, gildistíma niðurstöðu grunnmats, forsendur fyrir lokum greiðslna og heimildir til að endurskoða þörf einstaklings til þjónustu á gildistíma grunnmats. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að réttur til greiðslna haldist í hendur við raunverulega þörf og virka þátttöku í viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu hverju sinni. Með afmörkun á gildistíma grunnmats er meðal annars leitast við að tryggja að einstaklingar fái viðeigandi þjónustu á hverjum tíma með það að markmiði að auka líkur á árangri fyrir viðkomandi. Með því að leggja áherslu á tilkynningarskyldu þjónustuaðila til Tryggingastofnunar er jafnframt leitast

við að auðvelda Tryggingastofnun að hafa eftirlit með greiðslunum og því hvort skilyrði fyrir þeim eru uppfyllt hverju sinni en ætla má að yfirsýn stofnunarinnar hvað það varðar minnki líkur á endurkröfum af hálfu stofnunarinnar vegna ofgreiðslna.

Í 5. mgr. 27. gr. gildandi laga er hámarkstími sjúkra- og endurhæfingargreiðslna 60 mánuðir með möguleika á framlengingu um allt að 24 mánuði auk þess sem heimilt er að bæta þremur mánuðum við vegna atvinnuleitar einstaklings. Samtals getur því verið um að ræða 87 mánuði eða rúmlega sjö ár samkvæmt gildandi lögum. Í 1. mgr. þess ákvæðis sem hér um ræðir er lagt til að heimilt verði að greiða sjúkragreiðslur samkvæmt nýrri 68. gr. laganna annars vegar og endurhæfingargreiðslur samkvæmt nýrri 69. gr. laganna hins vegar í allt að 36 mánuði, þó að hámarki í tólf mánuði í senn, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Enn fremur er gert ráð fyrir að samanlagður greiðslutími sjúkragreiðslna og endurhæfingargreiðslna geti þó aldrei orðið lengri en 36 mánuðir.

Með hliðsjón af því að meðaltímalengd endurhæfingar hefur á árinu 2026 verið um 21,5 mánuður má ætla að tillaga frumvarpsins um 36 mánaða hámarkstíma endurhæfingar falli vel að framkvæmdinni í reynd og veiti nægilegt svigrúm fyrir heildstæða og þverfaglega endurhæfingu á þeim tíma þar sem líkur á árangri eru almennt mestar samkvæmt því sem fram kemur í gögnum Tryggingastofnunar. Um nánari skýringar hvað það varðar vísast til umfjöllunar í 2. kafla um tilefni og nauðsyn lagasetningar. Breytingunni hvað varðar hámarks tímalengd endurhæfingar er þannig meðal annars ætlað að tryggja viðkomandi einstaklingum viðeigandi þjónustu á hverjum tíma í því skyni að hámarka árangur endurhæfingar. Þá byggist tillaga frumvarpsins um 36 mánaða hámarkstíma endurhæfingar jafnframt á þeirri forsendu að viðurkenndri meðferð innan heilbrigðiskerfisins sé ætlað að leiða til bata, endurhæfingar eða samþætts sérfræðimats innan þeirra tímamarka sem almennt eru talin vænleg til árangurs. Með bata er átt við að einstaklingur nái færni til að snúa aftur til daglegra athafna, svo sem náms eða virkni á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að í þeim tilvikum þegar viðurkenndri meðferð lýkur en skert starfsgeta er samt sem áður til staðar, samkvæmt niðurstöðu grunnmats, taki endurhæfing við. Komi hins vegar í ljós í niðurstöðu grunnmats að lokinni viðurkenndri meðferð að meðferð sé fullreynd og að endurhæfing komi ekki til með að skila frekari árangri er gert ráð fyrir að samþætt sérfræðimat fari fram, eftir því sem við á. Stytting hámarkstíma endurhæfingar frá því sem kveðið er á um í gildandi lögum er þannig ætlað að koma í veg fyrir að einstaklingar fái sjúkragreiðslur og/eða endurhæfingargreiðslur árum saman án þess að fram fari formlegt endurmat á stöðu viðkomandi. Í stað þess er breytingunum ætlað að tryggja að viðkomandi fái rétta þjónustu á réttum tíma innan viðeigandi kerfa, hvort sem um er að ræða viðurkenndra meðferð, endurhæfingu eða að fram fari samþætt sérfræðimat, eftir því sem við á, þegar meðferð telst fullreynd.

Í 2. mgr. er lagt til að mælt verði fyrir um að niðurstaða grunnmats gildi í allt að tólf mánuði frá því að hún liggur fyrir. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur, eftir því sem við á, falli niður sjálfkrafa að þeim tíma liðnum liggi hvorki fyrir endurnýjuð umsókn um framangreindar greiðslur né niðurstaða úr endurnýjuðu grunnmati sem sýni fram á þörf viðkomandi fyrir áframhaldandi greiðslur. Enn fremur er gert ráð fyrir að framangreindar greiðslur falli jafnframt niður ljúki viðkomandi þjónustu hjá þjónustuaðila innan gildistíma niðurstöðu grunnmats án þess að þjónusta annars þjónustuaðila taki við. Þá er gert ráð fyrir að þjónustuaðilum verði gert að tilkynna Tryggingastofnun án tafar þegar þjónusta annars þjónustuaðila tekur við þjónustu viðkomandi sem og um lok þjónustu innan gildistíma niðurstöðu grunnmats, svo sem í tilvikum þegar einstaklingur sinnir ekki viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu í samræmi við endurhæfingaráætlun eða þegar viðurkennd meðferð eða endurhæfing telst fullreynd. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að

sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur falli niður taki ekki við þjónusta hjá öðrum þjónustuaðila. Gengið er út frá því að við mat á því hvort viðurkennd meðferð eða endurhæfing sé fullreynd sé lagt til grundvallar hvort þau úrræði sem reynd hafa verið hafi ekki skilað tilætluðum árangri sem og hvort frekari árangur sé ekki talinn líklegur með frekari þátttöku viðkomandi í úrræðum. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að staða einstaklings sé endurskoðuð eigi sjaldnar en árlega þannig að unnt sé að veita viðkomandi viðeigandi þjónustu á hverjum tíma. Með því má ætla að komið sé eins og kostur er í veg fyrir að einstaklingar fái þjónustu sem ekki hentar þeirra þörfum eða taki þátt í úrræðum sem ekki eru vænleg til árangurs hjá viðkomandi einstaklingi hverju sinni. Þá er gert ráð fyrir að á gildistíma niðurstöðu grunnmats, eða innan tólf mánaða frá því að niðurstaða grunnmats liggur fyrir, verði einstaklingi sem fær sjúkragreiðslur samkvæmt nýrri 68. gr. laganna eða endurhæfingargreiðslur samkvæmt nýrri 69. gr. laganna sem og hlutaðeigandi þjónustuaðila heimilt að óska eftir því við Tryggingastofnun að fram fari nýtt grunnmat á stöðu viðkomandi einstaklingi. Er jafnframt gert ráð fyrir að Tryggingastofnun verði heimilt að verða við slíkri beiðni, enda telji stofnunin að aðstæður viðkomandi hafi breyst frá því að fyrra grunnmat fór fram. Er þetta lagt til svo aukinn sveigjanleiki sé innan kerfisins til að bregðast við ef breytingar verða á aðstæðum einstaklings á gildistíma grunnmats, svo sem ef heilsufari hans hrakar skyndilega eða ef árangur viðurkenndrar meðferðar eða bati endurhæfingar er hraðari en áætlað var. Enn fremur er þetta lagt til þannig að unnt sé að bregðast við ef í ljós kemur að breyta þurfi þjónustu viðkomandi einstaklings úr viðurkenndri meðferð og þar með úr sjúkragreiðslum yfir í endurhæfingu og endurhæfingargreiðslur eða öfugt vegna breyttra aðstæðna hjá viðkomandi.

Í 3. mgr. er lagt til að heimilt verði að greiða sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur á meðan einstaklingur bíður þess að fyrirhuguð viðurkennd meðferð eða endurhæfing geti hafist, eftir því sem við eigi. Er þetta lagt til þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. 68. gr. um að einstaklingur fái viðurkennda meðferð og skilyrði 1. mgr. 69. gr. um virka þátttöku einstaklings í endurhæfingu til þess að heimilt sé að greiða sjúkragreiðslur annars vegar eða endurhæfingargreiðslur hins vegar. Þá er ekki gert ráð fyrir að gerður verði greinarmunur á því hvort biðin stafi af heilsubresti viðkomandi eða af öðrum ástæðum, svo sem biðlistum eftir viðurkenndri meðferð eða endurhæfingarúrræði. Lagt er til að gerð verði krafa um að fyrir liggi staðfesting hlutaðeigandi þjónustuaðila eða heilbrigðisstarfsmanns á því að tiltekin viðurkennd meðferð eða endurhæfing geti hafist innan tiltekins tíma. Lagt er til að samanlagður greiðslutími á grundvelli þessarar undanþágu geti aldrei verið lengri en sex mánuðir. Þannig er ekki gert ráð fyrir að unnt sé að fá sjúkragreiðslur á biðtíma eftir viðurkenndri meðferð í sex mánuði og endurhæfingargreiðslur á biðtíma eftir endurhæfingu í sex mánuði til viðbótar. Þá er gert ráð fyrir að á biðtímanum skuli Tryggingastofnun reglulega og eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti endurmeta stöðu viðkomandi einstaklings eftir að hafa óskað eftir viðeigandi upplýsingum hverju sinni. Er þetta lagt til í því skyni að tryggja eins og kostur er að biðtími eftir viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu verði að hámarki sex mánuðir en skv. 3. mgr. 27. gr. gildandi laganna er mælt fyrir um endurmat á sex mánaða fresti án þess að kveðið sé á um biðtíma að hámarki sem ætla má að geti í einhverjum tilvikum lengt umræddan biðtíma umfram það sem eðlilegt getur talist. Gert er ráð fyrir að greiðslur á biðtíma feli þannig í sér undantekningu frá þeirri meginreglu að sjúkragreiðslur og endurhæfingargreiðslur geti einungis komið til fái einstaklingur viðurkennda meðferð eða hann taki virkan þátt endurhæfingu. Umræddri undantekningu er ætlað að brúa tímabundið bil sem einstaklingi verður ekki um kennt, svo sem vegna biðlista eftir þjónustu. Brýnt þykir að koma í veg fyrir að einstaklingar bíði mánuðum saman eftir úrræðum án markvissrar virkni og því er lagt til að samanlagður biðtími verði að hámarki sex mánuðir líkt og að framan er

rakið. Dragist bið eftir úrræði fram yfir þann tíma þykir rétt að viðkomandi einstaklingi sé fundið annað og heppilegra úrræði en það sem beðið hefur verið eftir fremur en að viðhalda óvirkri bið. Fela nýju tímamörkin þannig í sér skýr tímamörk sem hafa það að markmiði að stuðla að virkri eftirfylgni og að koma í veg fyrir að einstaklingar festist í langvarandi óvirkni og bið eftir viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu.

Í 4. mgr. er kveðið á um hvernig farið skuli með greiðslutímabil sjúkragreiðslna og endurhæfingargreiðslna þegar einstaklingur verður fyrir endurteknum langvarandi eða alvarlegum heilsubresti. Ákvæðið er efnislega samhljóða 6. mgr. 27. gr. gildandi laga. Lagt er til að almennt gildi að sjúkragreiðslur og endurhæfingargreiðslur vegna endurtekins langvarandi eða alvarlegs heilsubrests af völdum sama sjúkdóms, slyss eða áfalls teljist til sama greiðslutímabils skv. 1. mgr. ákvæðisins, sbr. einnig 1. mgr. 68. og 1. mgr. 69. gr. Þá er gert ráð fyrir að nýtt greiðslutímabil sjúkragreiðslna og endurhæfingargreiðslna geti fyrst hafist þegar a.m.k. þrjú ár eru liðin frá síðustu greiðslu á fyrra greiðslutímabili vegna langvarandi eða alvarlegs heilsubrests af völdum sama sjúkdóms, slyss eða áfalls og átti við í tengslum við fyrra greiðslutímabil. Hins vegar er gert ráð fyrir að ef um er að ræða langvarandi eða alvarlegan heilsubrest, sem er afleiðing af öðrum sjúkdómi, slysi eða áfalli en fyrri heilsubrestur, geti nýtt greiðslutímabil hafist að loknu fyrra greiðslutímabili, að uppfylltum öðrum skilyrðum fyrir sjúkragreiðslum eða endurhæfingargreiðslum, eftir því sem við á.

Í 5. mgr. er lagt til að greiða skuli sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi samkvæmt læknisvottorði líkt og verið hefur samkvæmt 2. mgr. 32. gr. gildandi laga um sjúkratryggingar. Ekki er þó gert ráð fyrir að áfram verði kveðið á um skilyrði gildandi laga þess efnis að óvinnufærni þurfi að vara í að minnsta kosti 21 dag til að réttur til sjúkradagpeninga myndist. Er það lagt til í því skyni að einfalda framkvæmd við greiðslu sjúkradagpeninga þar sem umrætt 21 dags viðmið hefur að því er virðist í einhverjum tilvikum valdið misskilningi. Þá er lagt til að skýrt verði kveðið á um að upphaf biðtíma eftir sjúkradagpeningum skuli miða við þann dag sem óvinnufærni hefst samkvæmt læknisvottorði í stað þess að miða við þann dag sem óvinnufærni er staðfest af lækni eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Er þeirri breytingu ætlað að taka af öll tvímæli um að rétturinn skuli miðast við upphaf veikinda samkvæmt læknisvottorði en ekki útgáfudag vottorðsins.

Í 1. mgr. 32. gr. gildandi laga er kveðið á um að réttur til greiðslna samkvæmt lögunum stofnist frá og með þeim degi er umsækjandi teljist uppfylla skilyrði til greiðslna og að greiðslur skuli reiknaðar frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að greiðsluréttur er fyrir hendi. Hér er lagt til að þrátt fyrir framangreint skuli Tryggingastofnun reikna rétt til sjúkradagpeninga frá þeim degi sem einstaklingur hefur uppfyllt skilyrði fyrir slíkum greiðslum en þó er gert ráð fyrir að biðtíma sé lokið skv. 5. mgr. ákvæðisins. Er þetta lagt til í ljósi þess eðlismunar sem er á sjúkradagpeningum annars vegar og öðrum greiðslum samkvæmt lögunum hins vegar. Enn fremur er lagt til að ekki skuli ákvarða sjúkradagpeninga lengra en tvo mánuði aftur í tímann frá því að umsókn um slíkar greiðslur berst Tryggingastofnun. Er þetta lagt til þrátt fyrir 4. mgr. 32. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um að greiðslur skuli ákvarðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að Tryggingastofnun berst umsókn og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um rétt til greiðslna og fjárhæð þeirra, sbr. þó 4. mgr. 42. gr.

Í 7. mgr. er lagt til að heimilt verði að greiða sjúkradagpeninga að fullu skv. 1. mgr. eða að hluta skv. 2. mgr. nýrrar 66. gr. laganna í allt að tólf mánuði. Enn fremur er gert ráð fyrir að heimilt verði að greiða sjúkradagpeninga í allt að þrjá mánuði til viðbótar þegar um er að ræða endurkomu einstaklings á vinnumarkað eftir brotthvarf af vinnumarkaði, sbr. 4. mgr. nýrrar 66. gr. laganna. Er þannig gert ráð fyrir að greiðslu sjúkradagpeninga ljúki að jafnaði eftir tólf

mánuði. Er þetta lagt til þar sem mikilvægt þykir að færni einstaklinga og endurhæfingarmöguleikar séu metnir heildstætt í grunnmati eins fljótt og auðið er eftir að viðkomandi fellur brott af vinnumarkaði í því skyni að hámarka líkur á endurkomu hans á vinnumarkað. Í 7. mgr. er einnig lagt til að nýtt greiðslutímabil sjúkradagpeninga geti fyrst hafist þegar að minnsta kosti eitt ár er liðið frá síðustu greiðslu á fyrra greiðslutímabili, að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Í 8. mgr. er lagt til að sjúkradagpeningar falli niður við lok þess tíma sem einstaklingur er metinn óvinnufær samkvæmt læknisvottorði. Gert er ráð fyrir að sjúkradagpeningar falli einnig niður ef launagreiðslur hefjast að nýju til einstaklings innan þess tíma sem viðkomandi hefur verið metinn óvinnufær samkvæmt læknisvottorði. Þó er ekki gert ráð fyrir að , sbr. 4. mgr. 66. gr. laganna, greiðslur falli niður þegar einstaklingur hefur störf að nýju í skertu starfshlutfalli og starfið er liður í endurkomu viðkomandi á vinnumarkað, sbr. 4. mgr. nýrrar 66. gr. laganna. Er framangreint lagt til í ljósi þess að sjúkradagpeningum er ætlað að koma til móts við tekjutap einstaklinga á tímabili þar sem þeir eru metnir tímabundið óvinnufærir samkvæmt læknisvottorði eða þegar þeir eru að hefja endurkomu á vinnumarkað í skertu starfshlutfalli.

Um h-lið (72. gr.).

Hér er lagt til að í nýrri 72. gr. laganna verði kveðið á um hvernig fara skuli með tekjur einstaklinga, sem fá greiðslur samkvæmt nýjum VII. kafla laganna. Ákvæðið er efnislega sambærilegt 30. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um hvernig fara skuli með tekjur einstaklinga sem fá greiðslur samkvæmt IV. kafla laganna.

Um i-lið (73. gr.).

Hér er lagt til að í nýrri 73. gr. laganna verði kveðið á um þjónustugátt og vinnslu persónuupplýsinga. Ekki er um efnislega breytingu að ræða frá 28. gr. gildandi laga heldur er einungis lagt til að í stað þess að kveðið sé á um þjónustugátt og vinnslu persónuupplýsinga í IV. kafla laganna sé kveðið á um framangreint í nýjum VII. kafla laganna en slíkt þykir nauðsynlegt í ljósi þeirra breytinga sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að verði á lögunum. Í ljósi framangreinds vísast til skýringa við 28. gr. gildandi laga hvað varðar skýringar við ákvæði það sem hér um ræðir.

Í lögum nr. 104/2024, um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga, er í 3. gr. kveðið á um nýja 28. gr. um þjónustugátt í lögum um almannatryggingar. Í 3. gr. frumvarps þess er varð að framangreindum lögum kemur meðal annars fram að lagt sé til að *„í 28. gr. laganna verði kveðið á um þjónustugátt þeirra þjónustuaðila sem starfa á grundvelli laga við veitingu þjónustu í tengslum við endurhæfingu. Lagt er til að Tryggingastofnun verði falið að starfrækja þá þjónustugátt en Tryggingastofnun hefur langa reynslu af meðferð persónuupplýsinga umsækjenda og greiðsluþega og býður upp á öflugt viðmót fyrir greiðsluþega á vef stofnunarinnar. Þessu ákvæði er ætlað að endurspegla hraða þróun sem nú á sér stað við innleiðingu á stafrænum lausnum í samskiptum fólks við opinbera aðila. Jafnframt er horft til þess markmiðs að gögn um framvindu meðferðar og endurhæfingar berist greiðlega á milli þeirra fagaðila sem veita þjónustuna. Lögð er áhersla á að allir þeir fagaðilar sem hér um ræðir starfi á grundvelli laga og innan tiltekinnar kerfisbundinnar heildar, sbr. skilgreiningu í b-lið 1. gr. frumvarpsins. Þessar kerfisbundnu heildir bera m.a. ábyrgð á endurhæfingaráætlunum.*

Með nýtingu stafrænna lausna og miðlun gagna og upplýsinga er markvisst stuðlað að því að einstaklingar fái rétta endurhæfingarþjónustu á réttum stað og réttum tíma. Ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gilda um þá miðlun upplýsinga sem á sér stað. Markmiðið með þjónustugátt er jafnframt að tryggja samfellda framfærslu þeirra sem

þurfa þjónustu fleiri en eins kerfis eða þurfa að fara á milli kerfa. Lögð er áhersla á að þessi kerfi séu fyrir einstaklingana og að markmiðið með samvirkni kerfanna sé ætíð að bæta einstaklingsbundna þjónustu. Þjónustugáttinni er þannig ætlað að tryggja að fólk falli ekki á milli kerfa. Fagfólk sem vinnur við meðferð og endurhæfingarþjónustu mun áfram nýta þau upplýsingakerfi sem fyrir eru, svo sem sjúkraskrárkerfið Sögu, en getur í gegnum þjónustugáttina deilt tilteknum upplýsingum úr sínu upplýsingakerfi með tilgreindu fagfólki annars þjónustuaðila sem einnig kemur að endurhæfingarþjónustu við hlutaðeigandi einstakling. Öryggisráðstafanir í gáttinni munu tryggja persónuvernd og að gögn sem fara um gáttina séu áreiðanleg.

Í 1. mgr. er lagt til að Tryggingastofnun skuli starfrækja þjónustugátt þjónustuaðila í þeim tilgangi að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir viðurkenndar meðferðir og endurhæfingarþjónustu sem einstaklingar fá á hverjum tíma og til að stuðla að samfellu í þjónustu og greiðslum hjá þeim sem þurfa þjónustu fleiri en eins þjónustuaðila. Er þannig gert ráð fyrir að stofnunin beri ábyrgð á rekstri gáttarinnar en gengið er út frá því að þeir þjónustuaðilar sem miðla upplýsingum og gögnum í gegnum þjónustugáttina beri ábyrgð á þeim. Gert er ráð fyrir að fjallað verði nánar um hlutverk Tryggingastofnunar hvað þetta varðar í reglugerð sem sett verði með stoð í 31. gr. laganna, sbr. h-lið. Þar verði m.a. tilgreint hvernig staðið skuli að aðgangsstýringu. Þá verði kveðið á um að viðkvæmar persónuupplýsingar um einstakling séu ekki geymdar í gáttinni lengur en þörf krefur vegna samstarfs þjónustuaðila um málefni viðkomandi. Á sama tíma verði tryggt að upplýsingarnar glatist ekki og að þeim verði ekki breytt eftir á. Vísað er til nánari umfjöllunar í 6. kafla um mat á áhrifum, einkum kafla 6.5 um áhrif á persónuvernd.

Í 2. mgr. er lagt til að Tryggingastofnun skuli halda skrá um lýsigögn sem fari um þjónustugáttina og þjónustuaðilarnir geti nýtt til þess að sækja frumgögn. Þá beri stofnuninni að tryggja að lýsigögnin sem fari um gáttina séu varðveitt á öruggan hátt þannig að þau glatist ekki og séu eingöngu aðgengileg þeim sem þurfi á þeim að halda til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt frumvarpinu og ákvæðum annarra laga sem þjónustuaðilarnir starfa eftir auk samninga þeirra á milli um samstarf á sviði endurhæfingar, sbr. tillögu að nýrri 55. gr. a í 10. gr. frumvarpsins. Gengið er út frá því að í þjónustugáttinni verði einungis safnað lýsigögnum en ekki upplýsingunum sjálfum. Þannig verði ekki til nýr gagnagrunnur hjá Tryggingastofnun þar sem safnað er á einn stað öllum þeim persónuupplýsingum sem fara á milli þjónustuaðila. Aðilar sem þurfa á slíkum gögnum að halda til þess að geta uppfyllt skyldur sínar eru m.a. þeir sem eru í samhæfingarteymi en í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að þau verði mynduð í tengslum við samstarf þjónustuaðila, en gengið er út frá því að slík teymi hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum í þjónustugáttinni.“

Með lögum nr. 95/2025, um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um heilbrigðisþjónustu (hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris o.fl.), var þremur nýjum málsgreinum bætt við 28. gr. gildandi laga í tengslum við þjónustugátt og vinnslu persónuupplýsinga. Í skýringum við 6. gr. frumvarps þess er varð að þeim lögum kemur meðal annars fram að lagt sé til að „*þremur nýjum málsgreinum verði bætt við 28. gr. laga um almannatryggingar. Í nýrri 3. mgr. ákvæðisins verði kveðið á um að Tryggingastofnun skuli starfrækja upplýsingakerfi samhæfingarteyma í þeim tilgangi að skipuleggja fyrirtöku og afgreiðslu mála. Enn fremur verði kveðið á um að í upplýsingakerfið skuli skráðar upplýsingar um starfrækslu samhæfingarteyma, svo sem um vísun mála til teymanna og ástæðu þess, dagskrá funda, fyrirtöku mála og niðurstöðu auk þess sem kveðið verði á um að skrá skuli samantekt upplýsinga um einstaklinga sem nauðsynlegar eru til þess að samhæfingarteymin*

geti komist að niðurstöðu. Gert er ráð fyrir að tekið verði fram að meðal þeirra upplýsinga sem skráðar skulu í upplýsingakerfi samhæfingarteyma séu upplýsingar um heilsufar, félagslegar aðstæður, vinnusögu og þá meðferð og endurhæfingu sem einstaklingar hafa fengið. Er hér aðeins átt við upplýsingar sem samhæfingarteymi þurfa nauðsynlega á að halda til að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögunum. Enn fremur er gert ráð fyrir að þessar upplýsingar skuli aðeins vistaðar í gagnagrunnum Tryggingastofnunar og gerðar aðgengilegar viðeigandi samhæfingarteymi í upplýsingakerfinu. Er þetta lagt til m.a. í því skyni að samhæfingarteymi hafi allar þær upplýsingar sem þau þurfa til að geta tryggt viðkomandi einstaklingsmiðaða þjónustu á hverjum tíma. Lagt er upp með að samantekt nauðsynlegra upplýsinga fyrir teymið sé varðveitt hjá Tryggingastofnun en ítarlegri frumgögn séu áfram hýst hjá viðkomandi þjónustuaðila og aðeins aðgengileg í þjónustugátt. Með þessu er leitast við að tryggja að teymin hafi nauðsynlegar upplýsingar til að sinna hlutverki sínu en takmarka miðlæga söfnun á viðkvæmum gögnum.

Lagt er til að í nýrri 4. mgr. ákvæðisins verði kveðið á um að Tryggingastofnun skuli halda skrá á landsvísu með upplýsingum frá þjónustuaðilum og aðilum sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðila í tengslum við framvindu viðurkenndrar meðferðar og endurhæfingar einstaklinga óháð því hvort viðkomandi hafi sótt um eða fái greiðslur frá Tryggingastofnun. Tilgangur skrárinnar er að afla þekkingar um þá þjónustu sem veitt er og árangur þjónustunnar sem nýtt verður til að stuðla að gæðaþróun og leggja grundvöll að gagnadrifinni stefnumótun á sviði endurhæfingar. Munu þessar upplýsingar m.a. gagnast til að stuðla að því að einstaklingar fái almennt rétta endurhæfingarþjónustu, á réttum stað á réttum tíma. Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun skuli einnig, í samráði við ráðherra og ráðherra heilbrigðismála, vinna upplýsingar úr skránni til notkunar við áætlanagerð, stefnumótun og önnur verkefni ráðuneytanna. Lagt er til að í nýrri 4. mgr. ákvæðisins verði Tryggingastofnun heimilt að vinna með persónugreinanleg gögn í fyrrnefndri skrá, þ.m.t. áætlanir og staðfestingar á meðferð og endurhæfingu sem veitt er af þjónustuaðilum eða af aðilum sem veita þjónustu í umboði þeirra. Í 2. mgr. 28. gr. gildandi laga er fjallað um skrá um lýsigögn sem Tryggingastofnun heldur yfir upplýsingar sem fara um þjónustugáttina og tilgreindir þjónustuaðilar geta nýtt til þess að sækja frumgögn. Lýsigögnin halda aðeins utan um upplýsingar um hvar tilteknar upplýsingar er að finna og geta því ekki verið grundvöllur tölfræðilegrar úrvinnslu um það hvernig fólk fer í gegnum opinbert endurhæfingarferli, sem iðulega spannar langt tímabil. Af þeirri ástæðu er talin þörf á að setja á laggirnar sérstaka, miðlæga skrá með ópersónugreinanlegum upplýsingum til hliðar við þjónustugáttina þar sem unnið er með tölfræðiupplýsingar. Hér er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun taki að sér að halda utan um skrána með vísan til þess hlutverks sem stofnunin hefur með höndum og snýr að samstarfi milli þjónustukerfa en sérstaklega er kveðið á um það hlutverk í 55. gr. a gildandi laga. Lögð er áhersla á að tilgangur skrárinnar verði að afla tölfræðilegra upplýsinga og skráin verði ekki nýtt í þágu eftirlits með einstaklingum. Er því mælt fyrir um að persónuauðkenni í skránni verði dulkóðuð. Er sú framkvæmd mótuð eftir því sem gildir um skráarhald á grundvelli 8. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007.

Hvað varðar uppruna upplýsinga í skránni býr Tryggingastofnun yfir gögnum um þá sem sótt hafa um eða eru viðtakendur greiðslna hjá stofnuninni. Á það hefur hins vegar verið bent að stofnunin hefur í einhverjum tilvikum hvorki upplýsingar um þá einstaklinga sem fá endurhæfingarþjónustu en hafa ekki sótt um greiðslur frá stofnuninni né um þá einstaklinga sem hafa ekki verið í þjónustu fleiri en eins aðila. Þar með næst ekki „að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir viðurkenndar meðferðir og endurhæfingarþjónustu sem einstaklingar fá á hverjum tíma“ eins og segir um þjónustugáttina í 1. málsl. 1. mgr. 28. gr. gildandi laga um

almannatryggingar. Hér er því lagt til að Tryggingastofnun fái það hlutverk að halda framangreinda skrá á landsvísu óháð því hvort hlutaðeigandi hafi sótt um eða fái greiðslur frá Tryggingastofnun. Hér er einkum vísað til nýrra sjúkra- og endurhæfingargreiðslna sem leystu af hólmi endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Tilgangur skrárinnar er að afla þekkingar um þá þjónustu sem veitt er af þjónustuaðilum eða í umboði þeirra, til að tryggja að einstaklingar nái almennt sem bestum árangri og að þjónustuferli séu samþætt og til þess fallin að bæta lífskjör og lífsgæði einstaklinganna. Í þessu skyni er Tryggingastofnun heimilt að taka á móti persónugreinanlegum gögnum frá þjónustuaðilum eða aðilum sem veita þjónustu í umboði þeirra sem síðan eru dulkóðuð fyrir frekari tölfræðivinnslu. Slík vinnsla er forsenda þess að unnt sé að rekja þjónustuferil einstaklinga á milli þjónustuaðila, meta samfellu, greina endurkomur og meta árangur úrræða. Persónuauðkenni í gögnunum verða dulkóðuð og vinnslan í samræmi við lög um persónuvernd og reglugerð sem ráðherra setur um vinnslu persónuupplýsinga.

Áréttað er að hér er fyrst og fremst um að ræða gögn um áætlanir og staðfestingar á viðurkenndri meðferð og endurhæfingu. Eðli málsins samkvæmt koma ákveðnar viðkvæmar heilbrigðisupplýsingar fram í áætlunum og staðfestingum. Þá verða upplýsingar í skránni um aldur, kyn, búsetu, félagslegar aðstæður, framfærslu og fleiri breytur á grundvelli dulkóðaðra auðkenna.

Tilgangur skrárinnar samræmist tilgangi með þeim skrám á landsvísu sem landlæknir heldur, en vakin er athygli á því að hér er um að ræða endurhæfingarþjónustu í víðum skilningi sem tekur til viðurkenndrar meðferðar og endurhæfingar sem getur verið heilbrigðistengd, starfstengd eða samsett af hvoru tveggja. Ákveðin valkostagreining fór fram um það hvar skránni yrði best fyrir komið. Niðurstaðan úr þeirri greiningu var að Tryggingastofnun væri best til þess fallin að vista skrána, enda er stofnunin ábyrgðaraðili þeirrar þjónustugáttar sem fjallað er um í 28. gr. laga um almannatryggingar.

Þá er gert ráð fyrir að í nýrri 5. mgr. ákvæðisins verði kveðið á um að ráðherra skuli setja reglugerð þar sem fram komi nánari reglur um vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.“

Um j-lið (74. gr.).

Hér er gert ráð fyrir að kveðið verði á um hvaða greiðslur frá hinu opinbera eða samkvæmt kjarasamningum, sem ætlaðar eru til framfærslu, samrýmast ekki greiðslum sem viðkomandi fær samkvæmt nýjum VII. kafla laganna á sama tímabili. Ákvæðið byggir á þeirri grundvallarreglu almannatryggingaréttar að koma í veg fyrir tvígreiðslur fyrir sama tímabil og að einstaklingur geti fengið mismunandi greiðslur sem ætlaðar eru til framfærslu úr mismunandi kerfum samtímis vegna sama tímabils. Þannig er ekki gert ráð fyrir að einstaklingur geti fengið samtímis greiðslur vegna veikinda (sjúkragreiðslur) eða greiðslur í tengslum við endurhæfingu (endurhæfingargreiðslur) og greiðslur vegna annarra tilvika, svo sem bætur eða laun sem ætlað er að mæta tekjumissi vegna slyss, elli, fæðingarorlofs, sorgarleyfis eða starfsloka en eðlilegt þykir að líta svo á að réttur til greiðslna samkvæmt nýjum VII. kafla laganna geti ekki stofnast á meðan einstaklingur fær slíkar greiðslur, enda þjóna þær greiðslur sama framfærsluhlutverki og sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslur hins vegar. Þrátt fyrir framangreint er gert ráð fyrir að í 2. málsl. 1. mgr. ákvæðisins komi fram undantekning frá þessari meginreglu þar sem kveðið verði á um að heimilt sé að greiða sjúkradagpeninga samkvæmt nýjum VII. kafla laganna samhliða greiðslum úr sjúkrasjóði stéttarfélags sem komi til vegna óvinnufærni. Er þetta lagt til þar sem fjárhæð sjúkradagpeninga er föst fjárhæð fyrir hvern dag veikinda og er þeim ekki ætlað að tryggja framfærslu einstaklinga. Ekki er því um að ræða efnislega breytingu frá gildandi lögum

um sjúkratryggingar þess efnis að heimilt sé að greiða sjúkradagpeninga samhliða greiðslum úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga og er því áfram gert ráð fyrir að þessar greiðslur tryggi saman framfærslu einstaklinga.

Um k-lið (75. gr.).

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að setja reglugerð um nánari framkvæmd hins nýja VII. kafla en ákvæðið er meðal annars byggt á 31. gr. gildandi laga og 12. mgr. 32. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að við ákvæði til bráðabirgða bætast tveir nýir töluliðir.

Í fyrsta lagi er lagt til að nýjum 26. tölul. verði bætt við ákvæði til bráðabirgða í lögunum þar sem kveðið verði á um að frá og með 1. janúar 2027 taki Tryggingastofnun við umsýslu, þ.m.t. greiðslu, sjúkradagpeninga frá Sjúkratryggingum. Þrátt fyrir framangreint er gert ráð fyrir að Sjúkratryggingar skuli afgreiða umsóknir um sjúkradagpeninga, vegna óvinnufærni sem hófst fyrir 1. janúar 2027 samkvæmt læknisvottorði, á grundvelli 32. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, eins og ákvæðið var orðað fyrir 1. janúar 2027, óháð því hvenær umsókn um sjúkradagpeninga berst. Er í þessu sambandi gengið út frá því að frumvarp þetta verði óbreytt að lögum. Er þannig gert ráð fyrir að skýrt verði hvaða stjórnvald skuli afgreiða umsóknir vegna sjúkradagpeninga í þeim tilvikum þegar óvinnufærni hefur hafist fyrir 1. janúar 2027, þegar gert er ráð fyrir að frumvarp þetta verði að lögum, og hvaða reglur skuli gilda um afgreiðslu þeirra.

Í öðru lagi er lagt til að nýjum 27. tölul. verði bætt við ákvæði til bráðabirgða í lögunum þar sem kveðið verði á um að þrátt fyrir 1. mgr. nýrrar 67. gr. laganna skuli þeir sem fá sjúkra- og endurhæfingargreiðslur 31. desember 2026 samkvæmt þágildandi 27. gr. laganna fá sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur samkvæmt lögunum, eftir því sem við eigi, frá 1. janúar 2027 og út þann tíma sem staðfest hefur verið að viðurkennd meðferð viðkomandi muni standa yfir eða gildistíma endurhæfingaráætlunar viðkomandi. Gert er ráð fyrir að fyrrnefndar greiðslur geti varað í allt að 12 mánuði en þó aldrei lengur en sem nemur tímalengd viðurkenndrar meðferðar eða gildistíma endurhæfingaráætlunar, eftir því sem við eigi. Þá er gert ráð fyrir að ljúki þeim tíma sem staðfest hefur verið að viðurkennd meðferð viðkomandi muni standa yfir eða gildistíma endurhæfingaráætlunar á tímabilinu 1. janúar 2027 til og með 30. júní 2027 verði heimilt, þrátt fyrir 1. og 2. málsl. ákvæðisins og 1. mgr. nýrrar 71. gr. laganna, að greiða sjúkragreiðslur eða endurhæfingargreiðslur samkvæmt lögunum að hámarki til og með 30. júní 2027 til þeirra einstaklinga sem þegar hafi fengið sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í 36 mánuði eða lengur 1. janúar 2027 samkvæmt þágildandi 27. gr. laganna. Er með þessu leitast við að tryggja samfellu í greiðslum sem þegar hafa verið ákvarðaðar 1. janúar 2027, þegar áformað er að frumvarp þetta verði að lögum.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er að finna breytingar sem gera þarf á öðrum lögum vegna frumvarpsins.

Þær breytingar sem lagðar eru til í 1. tölul. eru afleiddar breytingar í ljósi þeirra breytinga sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir hvað varðar flutning á umsýslu sjúkradagpeninga frá Sjúkratryggingum til Tryggingastofnunar en í því sambandi er jafnframt gert ráð fyrir að kveðið verði á um sjúkradagpeninga í lögum um almannatryggingar frá og með 1. janúar 2027.

Í ljósi þess er gert ráð fyrir að samsvarandi ákvæði falli brott úr lögum sjúkratryggingar, nr. 112/2008, frá sama tíma. Þannig er í a-lið 1. tölul. lagt til að 32. gr. laga um sjúkratryggingar falli brott úr þeim lögum.

Breytingar sem lagðar eru til í 2. tölul. eru afleiddar breytingar af þeim breytingum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir hvað varðar flutning á ákvæðum um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í IV. kafla gildandi laga í nýjan VII. kafla laganna þar sem gert er ráð fyrir að kveðið verði á um sjúkragreiðslur annars vegar og endurhæfingargreiðslur hins, sbr. 5. og 14. gr.

DRÖG